STJÓRNARTÍÐINDI B 55 – 1989

Nr. 381 712 24. júlí 1989

REGLUGERÐ

um flugrekstur.

EFNISYFIRLIT

1.0 ORÐASKÝRINGAR

2.0 ALMENN ÁKVÆÐI
- 2.1 Gildissvið
- 2.2 Umsóknir og leyfisveitingar
- 2.3 Skilyrði
- 2.4 Skýrslur
- 2.5 Vátryggingar

3.0 STJÓRNUN
- 3.1 Flugrekstrarstjórn
- 3.2 Flugrekstrarstjóri
- 3.3 Tæknistjóri
- 3.4 Sameiginleg ábyrgð
- 3.5 Mannaskipti

4.0 FLUGREKSTUR
- 4.1 Skyldur flugrekenda - almennt
- 4.2 Rekstraraðstaða
- 4.3 Eftirlit með flugrekstri
- 4.4 Undirbúningur flugs
- 4.5 Starfsaðferðir á flugi
- 4.6 Skyldur flugstjóra
- 4.7 Skyldur flugumsjónarmanns
- 4.8 Langflug tveggja hreyfla flugvéla

5.0 AFKASTAGETA FLUGVÉLA
- 5.1 Gildissvið
- 5.2 Starfræksla

6.0 FLUGSKJÖL, MÆLITÆKI OG BÚNAÐUR FLUGVÉLA
- 6.1 Almennt
- 6.2 Allar flugvélar í öllu flugi
- 6.3 Allar flugvélar búnar flugritum
- 6.4 Allar flugvélar sem fullnægja kröfum um hávaðatakmarkanir
- 6.5 Allar flugvélar sem flogið er ofar en í 15000 m (49000 feta) hæð

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7.0 FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKI FLUGVÉLA
- 7.1 Fjarskiptatæki
- 7.2 Leiðsögutæki
- 7.3 Frágangur búnaðar

8.0 VIÐHALD FLUGVÉLA
- 8.1 Almennt
- 8.2 Viðhaldshandbók
- 8.3 Þjálfun
- 8.4 Skoðanir
- 8.5 Réttindi til að staðfesta lofthæfi
- 8.6 Breytingar og viðgerðir
- 8.7 Viðhaldsvottorð
- 8.8 Skrár

9.0 FLUGÁHAFNIR
- 9.1 Samsetning áhafnar
- 9.2 Skyldur flugliða í neyðarástandi
- 9.3 Þjálfunaráætlun flugliða
- 9.4 Hæfnikröfur
- 9.5 Hjálpartæki flugliða

10.0 FLUGUMSJÓNARMAÐUR
- 10.1 Hvenær skal hafa flugumsjón
- 10.2 Réttindi og verksvið

11.0 HANDBÆKUR, VIÐHALDSBÆKUR OG SKRÁR
- 11.1 Flugrekstrarhandbók
- 11.2 Viðhaldshandbók
- 11.3 Viðhaldsvottorð
- 11.4 Skrá yfir neyðar- og björgunarbúnað um borð
- 11.5 Varðveisla gagna

12.0 ÞJÓNUSTULIÐAR
- 12.1 Skipun í neyðarstörf
- 12.2 Nærvera við neyðarútganga
- 12.3 Sætisólar
- 12.4 Þjálfun

13.0 VIÐBÚNAÐARRÁÐSTAFANIR
- 13.1 Gátlisti
- 13.2 Þjálfun
- 13.3 Tilkynningarskylda

14.0 ÝMIS ÁKVÆÐI
- 14.1 Undanþágur
- 14.2 Refsiákvæði
- 14.3 Gildistaka

1.0 ORÐASKÝRINGAR

1.1 Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Aðalflugvöllur (Regular aerodrome) : Flugvöllur sem skrá má í flugáætlun sem fyrirhugaðan lendingarstað.

Að staðfesta lofthæfi (To certify as airworthy) : Að staðfesta það að loftfar, eða hluti þess, fullnægi gildandi skilyrðum um lofthæfi eftir grannskoðun, viðgerð, breytingu eða ísetningu.

Aðstoðarflugmaður (Co-pilot) : Flugmaður, sem er handhafi flugskírteinis og hefur hvers konar flugmannsstarf í loftfari, annað en starf flugstjóra, þó ekki flugmaður sem er í loftfarinu eingöngu til að njóta flugþjálfunar.

Afkastageta flugvélar (Aeroplane performance) : Útreiknaðir og prófaðir eiginleikar flugvélar, að því er varðar getu og takmörk hennar á öllum stigum flugs, við aðstæður sem hún kann að vera starfrækt við.

Akstur loftfara (Taxiing) : Hreyfingar loftfars með eigin afli um flugvöll, að undanskildu flugtaki og lendingu, en að meðtöldu flugi þyrlna rétt yfir yfirborði flugvallar innan áhrifa frá jörðu og með aksturshraða loftfara, þ.e. flugakstur.

Ákvörðunarflughæð/hæð (Decision altitude/height, DA/H) : Ákveðin flughæð/hæð í nákvæmnisaðflugi þar sem hefja verður fráhvarfsflug ef lágmarksviðmiðun um skyggni til þess að halda áfram aðflugi hefur ekki verið náð.

Athafnasvæði (Movement area) : Sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök og lendingar loftfara og ferðir þeirra á jörðu, þ.e. umferðarsvæði og hlöð.

Atvinnuflutningar (Air transport operations for remuneration or hire): Flutningar með loftförum gegn endurgjaldi eða til leigu í reglubundnu eða óreglubundnu flugi.

Blindflug (IFR-flight) : Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

Blindflugsskilyrði (Instrument meteorological conditions, IMC) : Veðurskilyrði neðan við lágmark sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjaþekja.

Eftirlitsflugmaður (Check-pilot) : Flugmaður sem falið er það verkefni að hafa eftirlit með og prófa færni flugmanna til viðhalds eða til aukningar réttinda þeirra. Eftirlitsflugmaðurinn er tilnefndur af flugmálastjórn eða af flugrekanda og samþykktur af flugmálastjórn.

Einkaflug : Flugstarfsemi sem stunduð er fyrst og fremst ánægjunnar vegna, eða til öflunar frekari réttinda, og ekkert endurgjald kemur fyrir. Það telst jafnframt einkaflug ef maður flýgur í tengslum við starf sitt og hefur ekki hagnað af rekstri loftfarsins né fær sérstaklega greitt fyrir að stjórna því. Það telst ekki endurgjald þótt aðiljar skipti með sér beinum kostnaði vegna loftfarsins.

Farflugslag (Cruising level) : Fluglag sem haldið er óbreyttu á tilteknum hluta flugs.

Fartími (Flight time) : Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi.

Flugáætlun (Flight plan) : Tilteknar upplýsingar um fyrirhugað flug loftfars eða hluta flugs, látnar flugumferðarþjónustudeild í té.

Flugbrautarskyggni (Runway visual range) : Fjarlægð þaðan sem flugmaður loftfars á miðlínu flugbrautar getur séð yfirborðsmerkingar flugbrautarinnar eða ljós þau sem afmarka hana eða sýna miðlínu hennar.

Flughandbók flugvélar (Aeroplane Flight Manual) : Handbók sem tengd er lofthæfiskírteininu þar sem tilgreint er innan hvaða marka flugvélin er talin lofthæf, og þar sem gefnar eru nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir flugliða um örugga stjórn flugvélarinnar.

Flughæð (Altitude) : Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli (MSL).

Fluglag (Flight level) : Flötur með jöfnum loftþrýstingi, sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013.2 Hectopascöl (hPa) (1013.2 mb) og aðgreindur er frá öðrum slíkum flötum af tilteknum loftþrýstingsmun.

Flugliði (Flight crew member) : Áhafnarliði sem er handhafi skírteinis, sem út hefur verið gefið eða fullgilt af flugmálastjórn, og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfsemi eða rekstur loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugrekandi (Operator) : Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi samgönguráðuneytis og flugmálastjórnar til þess að stunda atvinnuflug.

Flugrekstrarhandbók (Operations Manual) : Handbók, samþykkt af flugmálastjórn, en samin af flugrekanda til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfslið hans í flugrekstrinum. Handbókin getur verið í mörgum hlutum þar sem hver fjallar um einstök svið eða þætti flugrekstrarins. Flugrekstrarstjórn (Operational control) : Stjórn á einstökum þáttum flugs, upphafi, áframhaldi, breytingum á framkvæmd þess eða endi þess, með örugga framkvæmd flugsins og öryggi loftfars í huga.

Flugriti (Flight recorder) : Hvers konar síriti í loftfari (þar með taldir ferðriti og hljóðriti) sem skráir upplýsingar sem komið gætu að gagni við rannsókn flugslysa eða flugóhappa.

Flugskyggni (Flight visibility) : Skyggni fram á við úr stjórnklefa loftfars á flugi.

Flugskyldutími (Flight duty period) : Heildartíminn frá því flugliði byrjar skyldustörf sín, þegar eftir hvíldartíma og áður en farið er í flugferð, eina eða fleiri, þar til hann er laus frá öllum skyldustörfum eftir að hafa lokið flugferðinni eða flugferðunum.

Flugstjóri (Pilot in command) : Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugstjórnardeild (Air traffic control unit) : Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórn eða flugturn.

Flugtími (Time in service) : Sá hluti fartíma sem líður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta lendingarstað.

Flugturn (Aerodrome control tower) : Deild sem veitir flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu.

Flugturnsþjónusta (Aerodrome control service) : Flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð.

Flugumferð (Air traffic) : Öll loftför á flugi eða á ferð á umferðarsvæði flugvallar.

Flugumferðarþjónusta (Air traffic service) : Almennt hugtak sem táknar ýmist flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu, flugstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu eða flugturnsþjónustu.

Flugumferðarþjónustudeild (Air traffic service unit) : Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnardeild, flugupplýsingamiðstöð eða flugvarðstofu.

Flugvallarlágmörk (Aerodrome operating minima) : Mörk fyrir nothæfi flugvallar til flugtaks og lendingar, venjulega tilgreind sem skyggni eða flugbrautarskyggni, ákvörðunarflughæð/hæð (DA/A) eða lágmarkslækkunarflughæð/hæð (MDA/H) og skýjafar.

Flugvél (Aeroplane) : Vélknúið loftfar þyngra en loft sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.

Flugverji (Crew member) : Starfsmaður flugrekanda sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Flugvöllur (Aerodrome) : Tiltekið svæði á láði eða legi (að meðtöldum byggingum og búnaði) sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Flugþjálfi (Synthetic flight trainer) : Sameiginlegt nafn á eftirtöldum þremur gerðum tækja á jörðu þar sem líkt er eftir flugaðstæðum:

Blindflugsþjálfi (Basic instrument flight trainer) sem búinn er viðeigandi mælitækjum til að líkja eftir aðstæðum í stjórnrými loftfars á flugi í blindflugsskilyrðum.

Flugaðferðaþjálfi (Flight procedure trainer) sem gefur raunhæfa mynd af stjórnrými þar sem líkja má eftir viðbrögðum mælitækja og stjórn á vélrænum kerfum, rafmagns- og rafeindakerfum svo og öðrum kerfum, ásamt getumörkum og flugeiginleikum loftfars af tilteknum flokki.

Flughermir (Flight simulator) sem gefur svo nákvæma mynd af stjórnrými tiltekinnar tegundar loftfars að stjórn vélrænna kerfa, rafmagns- og rafeindakerfa, svo og annarra kerfa, líkist í raun réttri því sem er í þessari tegund loftfars. Enn fremur líkjast umhverfi flugliða, getumörk loftfarsins og flugeiginleikar á sama hátt.

Gildandi flugáætlun (Current flight plan) : Flugáætlun með þeim breytingum sem á henni kunna að hafa verið gerðar með flugheimildum.

Grannskoðun (Overhaul) : Prófanir og/eða framkvæmdir á loftförum eða hlutum til þeirra í samræmi við gildandi fyrirmæli og leiðbeiningar sem fela í sér endurnýjun, að nokkru eða öllu leyti, og hafa í för með sér að talning flugtíma hlutaðeigandi loftfara eða hluta til þeirra hefst að nýju frá byrjun.

Hámarksmassi (Maximum mass) : Leyfður hámarksflugtaksmassi loftfars.

Hindrunarlaust klifursvæði (Clearway) : Skilgreint rétthyrnt svæði, á láði eða legi, sem flugmálastjórn hefur ákvörðunarrétt yfir og valið er eða gert nothæft fyrir flugvél að fljúga yfir, á meðan hún flýgur hluta af fyrsta klifri sínu, í ákveðna hæð.

Hvíldartími (Rest period) : Sá tími á jörðu niðri sem flugliði er laus undan allri vinnuskyldu fyrir flugrekanda.

Hæð (Height) : Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá tiltekinni viðmiðun.

Hættulegur varningur (Dangerous goods) : Hlutir eða efni sem stofnað geta heilsu, öryggi eða verðmætum í verulega hættu, ef þau eru flutt flugleiðis.

ICAO (International Civil Aviation Organization) : Alþjóðaflugmálastofnunin.

IFR (Instrument flight rules) : Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsreglur.

Kennsluflug (Instructional flying) : Kennsluflug er það þegar loftfar er notað við formlega flugkennslu með flugkennara um borð eða þegar flugnemi flýgur einn undir eftirliti flugkennara.

Landflug (Cross-country flight) : Flug til fyrir fram ákveðins staðar, þar sem hugsanlega er lent, og sem farið er einkum til þess að afla reynslu í flugleiðsögu.

Lágmarks-flughæð/hæð yfir hindrun (Obstacle clearance altitude/ height, OCA/H) : Lægsta flughæð/hæð yfir flugvelli eða flugbraut sem notuð er til þess að fá lágmarkshæðarbil frá hindrunum.

Lágmarks-lækkunarflughæð/hæð (Minimum descent altitude/height (MDA/H)) : Tiltekin flughæð/hæð, sem ekki má lækka niður fyrir nema sjáist til jarðar, í hringaðflugi eða aðflugi sem ekki er nákvæmnisaðflug.

Leiðarflug (En-route flight) : Sá hluti flugs milli áfangastaða sem ekki telst til brottflugs eða aðflugs.

Leiðarflugáætlun (Operational flight plan) : Áætlun flugrekanda um öruggan framgang flugsins, gerð með hliðsjón af getumörkum loftfarsins, öðrum rekstrartakmörkunum og þeim skilyrðum sem skipta máli og búast má við á leið þeirri, sem fara á, og á hlutaðeigandi flugvöllum.

Leiguflug (Charter flight) : Með leiguflugi er átt við óreglubundið flug til flutnings á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarksmassa 5700 kg eða meira eða sem viðurkennd eru til flutnings á 10 farþegum eða fleiri.

Lendingarvegalengd (Landing distance) : Sú lárétta vegalengd frá þröskuldi til þess staðar þar sem hægt er að stöðva flugvél, eftir að hún hefur flogið yfir þröskuldinn í 50 feta (15 m) hæð á þeim hraða sem kveðið er á um í flughandbók eða kröfum um afkastagetu.

Loftbraut (Airway) : Flugstjórnarsvæði eða hluti þess í gervi loftganga, sem búin eru radíóleiðsögutækjum.

Loftfar (Aircraft) : Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Loftfarstegund (Aircraft type of) : Öll loftför, hönnuð á sama hátt í grundvallaratriðum, með þeim breytingum sem á loftförum kunna að hafa verið gerðar svo fremi að þær hafi ekki haft í för með sér breytta flugeiginleika.

Málhiti (Standard temperature) : Alþjóðlega skilgreindur meðalhiti í lofthjúpi jarðar.

Meðalloft (Standard atmosphere) : Alþjóðlega skilgreint meðalástand lofthjúps jarðar.

Nótt (Night) : Sá tími, sem miðpunktur sólar er 6° eða meira fyrir neðan sjóndeildarhring.

Reglubundið áætlunarflug (Scheduled Flights) : Með reglubundnu áætlunarflugi er átt við röð flugferða sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a) Flugferðirnar eru farnar með loftförum sem ætluð eru til flutnings á farþegum, pósti eða vörum, gegn gjaldi.

b) Flugferðunum er ætlað að fullnægja ákveðinni flutningsþörf milli tveggja eða fleiri staða, eftir ákveðinni tímaáætlun, eða ferðirnar eru farnar svo títt og reglulega að augljóst er að fylgt er ákveðinni áætlun.

c) Sérhver flugferð stendur almenningi til boða gegn greiðslu meðan rými er fáanlegt.

Skipulagðar áætlanir um flugferðir, sem farnar eru með leiguflugi, falla ekki undir þessa skilgreiningu.

Ríki flugrekanda (State of the Operator) : Ríki þar sem flugrekandi hefur aðalaðsetur flugrekstrar síns, eða ef slíkur staður er ekki til, þá fast heimilisfang hans.

SIGMET-upplýsingar (SIGMET information) : Upplýsingar frá veðurstofu um að á flugleið sé kunnugt um eða búist við sérstökum veðurskilyrðum sem gætu haft áhrif á öryggi flugs.

Sjónflug (VFR flight) : Flug samkvæmt sjónflugsreglum.

Sjónflugsskilyrði (Visual meteorologicai conditions, VMC) : Veðurskilyrði sem tilgreind eru sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjaþekju og eru jöfn eða betri en tilgreind lágmörk.

Skráningarríki (State of Registry) : Ríkið sem hefur loftfarið á loftfaraskrá sinni.

Tiltæk flugtaksvegalengd (Take off distance available, TODA) : Lengd tiltæks flugtaksbruns, að viðbættri lengd hindrunarlauss klifursvæðis ef séð hefur verið fyrir slíku.

Tiltæk hröðunar-stöðvunar vegalengd (Accelerate-stop distance available, ASDA) : Lengd tiltæks flugtaksbruns (TORA), að viðbættri lengd tiltæks stöðvunarsvæðis (ef séð hefur verið fyrir slíku).
Tiltæk lendingarvegalengd (Landing distance available, LDA) : Sú lengd flugbrautar sem lýst hefur verið yfir að sé tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í lendingu. Tiltæk lendingarvegalengd byrjar við þröskuldinn og er venjulega lengd flugbrautar með bundnu slitlagi.
Tiltækt flugtaksbrun (Take-off run available, TORA) : Sú lengd flugbrautar, sem lýst hefur verið yfir að sé tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki. Tiltækt flugtaksbrun er venjulega lengd flugbrautar með bundnu slitlagi.
Undirritun viðhaldsvottorðs (Signing a maintenance release) : Að votta að eftirlit og viðhald hafi verið framkvæmt á fullnægjandi hátt og samkvæmt aðferðum þeim, sem viðhaldshandbókin mælir fyrir um, með því að gefa út viðhaldsvottorð.
Varaflugvöllur (Alternate aerodrome) : Flugvöllur sem tilgreindur er í flugáætlun og fljúga má til þegar óráðlegt þykir að lenda á ákvörðunarflugvelli.
Varasamur hreyfill (Critical engine) : Sá hreyfill sem hefði óhagstæðust áhrif á afkastagetu og stjórnun loftfars ef hann bilaði.
Veðurstofa (Meteorological Authority) : Embætti, á vegum aðildarríkis ICAO sem veitir eða sér um veðurþjónustu fyrir flug.
Viðurkennd viðhaldsstofnun (Approved maintenance organization) : Stofnun sem fengið hefur samþykki flugmálastjórnar til að skoða, grannskoða, viðhalda, gera við og/eða breyta loftförum eða hluta þeirra undir viðurkenndri umsjón flugmálastjórnar og/eða flugmálastjórnar viðkomandi lands.
Viðurkennd þjálfun (Approved training) : Þjálfun samkvæmt ákveðinni námsskrá og undir umsjón sem samþykkt er af flugmálastjórn.
Þjónustuflug : Hvers konar flug í atvinnuskyni sem ekki verður skilgreint sem reglubundið áætlunarflug, leiguflug eða kennsluflug, svo sem flug með farþega og vörur í loftförum sem gerð eru fyrir 9 farþega eða færri, fræsáningar- og áburðarflug, mælinga- og könnunarflug, sjúkra- og neyðarflug, leitar- og björgunarflug, ljósmyndaflug og auglýsingaflug.
Þjónustuliði (Cabin attendant) : Áhafnarliði sem er starfsmaður flugrekanda og falið er starf, nauðsynlegt öryggi farþega, um borð í loftfari meðan á fartíma stendur, þó ekki starf flugliða.
Þrýstingshæð (Pressure altitude) : Loftþrýstingur sýndur sem hæð yfir sjávarmáli, miðað við alþjóðlega skilgreint meðalástand lofthjúps jarðar.
Þröskuldur (Threshold) : Byrjun á þeim hluta flugbrautar sem nothæfur er til lendingar.

2.0 ALMENN ÁKVÆÐI

2.1 Gildissvið.

2.1.1 Almenn flugstarfsemi skiptist þannig:

A) Atvinnuflug —— reglubundið áætlunarflug
A) Atvinnuflug —— óreglubundið flug ———— leiguflug, þjónustuflug, kennsluflug

B) Einkaflug

Til þess að stunda atvinnuflug þarf flugrekstrarleyfi. Leyfi er veitt til flugs með flugvélum með hámarksmassa yfir 5.700 kg og/eða til flugs með flugvélum sem hafa minni hámarksmassa. Til einkaflugs þarf ekki sérstakt leyfi.

2.1.2 Reglugerð þessi tekur til rekstrar flugvéla sem notaðar eru til reglubundins áætlunarflugs og óreglubundins flugs. Nokkur ákvæði reglugerðarinnar eiga ekki við ýmis konar þjónustuflug og hafa því augljóslega ekki gildi. Sama gildir um kennsluflug, en um það gildir einnig sérstök reglugerð. Flugmálastjórn sker úr í vafaatriðum.

2.1.3 Einstakar greinar reglugerðarinnar, sem taka aðeins til reglubundins áætlunarflugs, eru merktar (R), en aðrar greinar, sem aðeins taka til óreglubundins flugs, eru merktar (ÓR).

2.2 Umsóknir og leyfisveitingar.

2.2.1 Samgönguráðuneytið veitir leyfi til atvinnuflugs. Nefnist það flugrekstrarleyfi. Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit gefur út viðbæti við flugrekstarleyfið. Telst viðbætirinn hluti flugrekstrarleyfisins og er flugreksturinn nánara skilgreindur í honum og þeirra loftfara getið sem nota má við starfsemina.

2.2.2 Þeir, sem hyggjast sækja um leyfi til flugrekstrar, skulu senda flugmálastjórn umsóknir á þar til gerðum eyðublöðum. Fram skulu koma allar þær upplýsingar sem um er beðið á umsóknareyðublaðinu. Sérstaklega skal veita nákvæmar upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a) Nafn umsækjanda eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu og síma,
b) þjóðerni umsækjanda, viðskiptabanka og/eða fjármögnunaraðilja. Ef um félag er að ræða, félagsform og innlent eignarhlutfall, hlutafé og þar af innborgað hlutafé, og hver sé stjórnarformaður. Einnig komi fram hvort umsækjandi hefur annan atvinnu- eða fjármagnsrekstur með höndum,
c) skipulag og stjórn fyrirhugaðrar flugstarfsemi þar sem fram koma nöfn framkvæmdastjóra flugdeildar, flugrekstrarstjóra og tæknistjóra,
d) fyrirhugaðan flugrekstur og flugáætlanir, ásamt fyrirhuguðum fjölda loftfara og tegund þeirra. Sanna ber umráðarétt yfir loftförunum ef umsækjandi er eigi skráður eigandi þeirra,
e) hvar aðalskrifstofur flugrekanda eru eða verða, svo og aðsetur fyrir yfirstjórn, flugrekstur og viðhald,
f) hversu mikið fjármagn er handbært til flugrekstrarins ásamt gagngerum upplýsingum og útreikningum um rekstrargrundvöll, bæði með flutningsáætlunum og fjárhagsáætlunum, til næstu tveggja ára.

2.2.3 Í flugrekstrarleyfinu er tilgreint nákvæmlega til hvers konar flugstarfsemi leyfið er veitt og veitir það ekki heimild til annars konar flugstarfsemi en þar er greind. Flugrekanda ber að haga flugrekstri sínum í samræmi við skilyrði sem sett eru í flugrekstrarleyfinu.

2.2.4 Leyfi til loftferðastarfsemi er veitt til ákveðins tíma sem þar er nánar tilgreindur. Leyfishafi skal tafarlaust skýra flugmálastjórn frá því ef þær breytingar verða á starfsemi hans sem valda því að þær forsendur, sem leyfisveitingin er miðuð við, eru brostnar, t.d. að því er lýtur að starfsliði, loftförum, vátryggingum eða stjórnendum.

2.2.5 Ef óskað er framlengingar á leyfi til loftferðastarfsemi skal senda flugmálastjórn beiðni þar að lútandi, a.m.k. þremur mánuðum áður en leyfið rennur út. Í beiðni um framlengingu eða endurnýjun leyfis skal veita upplýsingar um allar þær breytingar sem orðið hafa á starfseminni frá því að leyfið var síðast endurnýjað eða framlengt.

2.3 Skilyrði.

2.3.1 Ráðherra getur veitt sérleyfi til ákveðins tíma til reglubundinna áætlunarferða á sérstökum flugleiðum eða til ákveðins lendingarstaðar eða byggðarlags eða frá þeim. Sérleyfi af þessu tagi er ávallt bundið því skilyrði að leyfishafi fullnægi flutningsþörfinni á hlutaðeigandi leið að mati samgönguráðuneytis. Leyfishafi skal skýra fyrir flugmálastjórn öll frávik frá samþykktri áætlun ef þess er óskað.

2.3.2 Ráðherra getur skyldað leyfishafa til að halda uppi ákveðinni tölu flugferða á einstökum flugleiðum, er leyfishafi hefur óskað að starfa á, enda þótt ekki sé um sérleyfi að ræða.

2.3.3 Leyfishafa er skylt að hlíta ákvæðum um far- og farmgjöld sem ráðuneytið setur á hverjum tíma. Nú telur ráðuneytið ástæðu til að breyta far- og farmgjöldum á öllum eða einstökum leiðum og skal þá, áður en breytingin er ákveðin, gefa leyfishafa kost á að láta í té umsögn sína um hina fyrirhuguðu breytingu.

2.4 Skýrslur.

2.4.1 Leyfishafa er skylt að senda flugmálastjórn árlega skýrslu um flugstarfsemina, tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar sem máli skipta að dómi flugmálastjórnar. Flugmálastjórn er heimilt að krefjast mánaðarlegra skýrslna ef þess er talin þörf. Leyfishafi skal ár hvert senda flugmálastjórn reikninga félagsins fyrir liðið ár jafnskjótt og þeir liggja fyrir.

2.5 Vátryggingar.

2.5.1 Leyfishafa er skylt að kaupa tryggingar og viðhalda þeim í samræmi við ábyrgð þá sem hann ber samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, sbr. IX. og X. kafla laga um loftferðir nr. 34/1964.

3.0 STJÓRNUN

3.1 Flugrekstrarstjórn.

3.1.1 Flugrekandi eða tilnefndur fulltrúi hans ber ábyrgð á flugrekstrarstjórn.

3.1.2 Flugrekandi, sem stundar atvinnuflug, skal hafa framkvæmdastjóra flugdeildar sem ber ábyrgð á flugrekstrinum í heild. Framkvæmdastjóri skal hafa sér til aðstoðar flugrekstrarstjóra og tæknistjóra. Framkvæmdastjóri og flugrekstrarstjóri bera í sameiningu ábyrgð á flugrekstrinum. Framkvæmdastjóri og tæknistjóri bera í sameiningu ábyrgð á tæknilegum atriðum flugrekstrarins. Flugmálastjórn getur heimilað að framkvæmdastjóri sé jafnframt flugrekstrarstjóri eða tæknistjóri. Flugrekstrarstjóri skal vera starfsmaður hjá hlutaðeigandi fyrirtæki. Sama á við um tæknistjóra en flugmálastjórn getur veitt undanþágu frá því ef sérstökum ástæðum er til að dreifa.

3.1.3 Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri skulu hafa þekkingu og menntun hvor á sínu sviði, flugmanns- eða flugvirkjamenntun eða aðra sambærilega menntun á flugsviði, og hafa hlotið viðurkenningu flugmálastjórnar til starfsins. Þeir skulu gangast undir sérstakt próf hjá flugmálastjórn til þess að sanna hæfni sína.

3.2 Flugrekstrarstjóri.

3.2.1 Flugrekstrarstjóri ber ábyrgð á eftirfarandi:

a) stjórn og rekstri flugstarfseminnar, svo og skipulagi og umfangi flugrekstrardeildar flugrekanda,

b) að tiltækar séu leiðbeiningar um stöðu, ábyrgð og tilhögun á starfsemi og starfsmannahaldi fyrirtækisins á jörðu og á flugi og að slíkum leiðbeiningum sé alltaf rétt við haldið,
c) mati á hæfni starfsliðs flugrekstrardeildar, viðurkenningu á hæfni þess til ráðningar og nauðsynlegri þjálfun þess,
d) samþykkt flugverkefna frá sjónarmiði flugrekstrar, skiptingu og skipulagningu slíkra verkefna með hliðsjón af hæfni flugverja og að flugverjar fái nægilega kennslu og þjálfun til þeirra verkefna sem þeim er ætlað að sinna,
e) stjórn á þjálfun flugverja og eftirliti með henni samkvæmt gildandi reglum og flugrekstrarhandbók flugrekanda,
f) öflun nauðsynlegra leyfa og að tiltækur sé leiðsögubúnaðar sem og upplýsingar um leitar- og björgunarþjónustu fyrir hvert það svæði sem fljúga á yfir hverju sinni,
g) að hver og einn flugverji hafi, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna starfs hans, upplýsingar um reglur og fyrirmæli, sem gilda á því svæði sem flogið skal yfir, um flugvelli, sem nota skal, og um tilheyrandi leiðsögutæki á svæðum þessum og flugvöllum, svo og skyldur til að fara eftir þeim,
h) að leiðarbækur og skýrslur, sem krafist er í flugrekstrinum, séu rétt og reglulega gerðar og við haldið, og
i) að fullnægt sé „Reglugerð um tilkynningarskyldu“ eins og hún er á hverjum tíma.

3.3 Tæknistjóri.

3.3.1 Tæknistjóri ber ábyrgð á eftirfarandi:
a) stjórn, skipulagi og rekstri tæknideildar flugrekanda og samningum um viðhald, sem unnið er af utanaðkomandi aðiljum (viðurkenndri viðhaldsstofnun), og framkvæmd þess,
b) að tiltækar séu leiðbeiningar um stöðu, ábyrgð og tilhögun viðhaldseftirlits, viðhaldsvöndun og vinnubrögð í tæknideild og að slíkum leiðbeiningum sé við haldið,
c) mati á hæfni tæknistarfsliðs í ábyrgðarstöðum og nauðsynlegri þjálfun þess,
d) útvegun og meðferð alls efnis sem notað er í viðhaldi og mikilvægt er fyrir gæðastaðal viðhaldsdeildar flugrekanda,
e) að viðhaldsbækur og skýrslur, sem krafist er, séu rétt og reglulega færðar og við haldið, og
f) að fullnægt sé „Reglugerð um tilkynningarskyldu“ eins og hún er á hverjum tíma.

3.4 Sameiginleg ábyrgð.

3.4.1 Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri bera sameiginlega ábyrgð á skipulagningu þeirrar starfsemi, sem tengir flugrekstur og viðhald, og á því að koma á fót eftirliti og hafa stöðugt eftirlit með endingu og bilunum einstakra hluta.

3.5 Mannaskipti.

3.5.1 Ef flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri láta af störfum hjá flugrekanda, eða hyggjast gera það, ber framkvæmdastjóra þess að tilkynna það tafarlaust til flugmálastjórnar og sækja jafnframt um viðurkenningu á eftirmanni. Starfsemi flugrekanda má ekki halda áfram án leyfis flugmálastjórnar fyrr en nýr flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri hefur hafið störf hjá flugrekanda. Flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri mega tilnefna staðgengil í fjarveru sinni. Leita ber viðurkenningar flugmálastjórnar á hlutaðeigandi staðgengli.

4.0 FLUGREKSTUR

4.1 Skyldur flugrekenda - almennt.

4.1.1 Flugrekandi skal sjá til þess að starfsfólk í þjónustu hans viti, meðan það er erlendis, að því beri að fara eftir gildandi lögum og reglum hlutaðeigandi landa þar sem hann stundar flugrekstur.

4.1.2 Flugrekandi skal sjá til þess að sérhver flugmaður í þjónustu hans sé kunnugur þeim reglum og aðferðum sem varða skyldustörf hans og gilda á þeim svæðum, sem hann flýgur yfir, flugvöllum, sem hann þarf að nota, og flugmannvirkjum þeim tengdum. Hann skal enn fremur sjá til þess, að aðrir flugliðar þekki þær reglur og þá starfshætti sem tengjast skyldustörfum þeirra við flug flugvélarinnar og starfrækslu hennar.

4.1.3 Í neyðartilvikum, sem stofna öryggi flugvélar, áhafnar eða farþega í hættu og valda því að nauðsynlegt er að brjóta í bága við þær reglur og þau fyrirmæli sem gilda á staðnum, ber flugstjóra að tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum slíkt brot án tafar. Ef þess er krafist ber flugstjóra að skila skýrslu til hlutaðeigandi yfirvalda um brot sitt. Gerist slíkt utan íslenskrar lögsögu ber flugstjóra enn fremur að láta flugmálastjórn í té afrit af skýrslunni eins fljótt og auðið er og að jafnaði innan 10 daga eftir að atburðurinn átti sér stað.

4.1.4 Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjóri hafi um borð í flugvél, sem hann stjórnar, allar nauðsynlegar upplýsingar um björgunar- og neyðarþjónustu á þeim svæðum sem hann flýgur yfir.

4.2 Rekstraraðstaða.

4.2.1 Flugrekandi skal sjá um að flug hefjist ekki fyrr en hann hefur gengið úr skugga um, með öllum tiltækum ráðum, að allur búnaður á láði eða legi, sem tiltækur er og krafist er fyrir flugið í því skyni að tryggja öruggan rekstur flugvélarinnar og fyllsta öryggis farþeganna, sé fullnægjandi fyrir þá tegund flugs sem við á í hvert skipti.

4.2.2 Flugrekanda ber að sjá um að hlutaðeigandi yfirvöldum sé tilkynnt, án ástæðulausrar tafar, um allan vanbúnað flugmannvirkja á jörðu niðri sem vart verður við meðan á flugstarfseminni stendur.

4.3 Eftirlit með flugrekstri.

Flugrekandi skal velja sér aðferðir til eftirlits með flugrekstri og hvika ekki frá þeim. Aðferðirnar skulu viðurkenndar af flugmálastjórn.

4.3.1 Flugrekstrarhandbók.

4.3.1.1 Flugrekandi skal leggja til flugrekstrarhandbók til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk sitt í flugrekstri. Leita ber samþykkis flugmálastjórnar á flugrekstrarhandbók og öllum þeim breytingum sem á henni kunna að verða gerðar. Flugrekstrarhandbókina ber að leiðrétta og endurskoða, eftir því sem nauðsynlegt er, til þess að tryggt sé að efni hennar sé ávallt í gildi. Allar slíkar breytingar og leiðréttingar skulu afhentar þeim sem flugrekstrarhandbókina eiga að nota.

4.3.1.2 Flugrekandi skal láta flugmálastjórn í té a.m.k. eitt eintak af flugrekstrarhandbók sinni, ásamt breytingum og leiðréttingum sem á henni kunna að verða gerðar. Inn í bókina skal fella allt það efni sem flugmálastjórn krefst.

4.3.2 Almennar leiðbeiningar.

4.3.2.1 Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk við flugrekstur hans hafi notið fullnægjandi fræðslu og fengið leiðbeiningar um starfssvið sitt og ábyrgð og með hvaða hætti skyldustörf þess tengjast flugrekstrinum í heild.

4.3.2.2 Flugvél skal ekki ekið á athafnasvæði flugvallar nema við stjórntæki hennar sitji maður sem:
a) hefur til þess fulla heimild flugrekanda eða fulltrúa hans,
b) er fyllilega hæfur til þess að aka flugvélinni og býr yfir þekkingu á viðeigandi neyðarviðbrögðum,
c) fullnægir kröfum til að mega nota talstöð flugvélarinnar, og
d) hefur fengið leiðbeiningar frá hæfum aðilja um flugvöllinn, leiðir, merkingar og ljósabúnað á honum, flugstjórnarmerki og fyrirmæli, orðasambönd og starfshætti, sem beitt er, og er fær um að fylgja þeim reglum sem settar hafa verið um öruggan akstur flugvéla á flugvellinum.

4.3.3 Eftirlíking neyðartilvika í flugi.
Flugrekanda ber að sjá um að ekki sé, þegar farþegar eru um borð, líkt eftir neyðartilvikum, sem geta haft áhrif á flugeiginleika flugvélarinnar. Ber honum að gefa flugliðum og öðru flugstarfsliði sínu fyrirmæli þar að lútandi.

4.3.4 Eftirlitskerfi.
Flugrekandi skal koma sér upp eftirlitskerfi, t.d. gátlista, sem flugliðar skulu nota fyrir og eftir flug, meðan á flugi stendur og í neyðartilvikum, til að tryggja að fylgt sé fyrirmælum í flugrekstrarhandbók, flughandbók eða öðrum gögnum sem tengjast lofthæfiskírteini flugvélarinnar.

4.3.5 Lágmarksflughæðir.
4.3.5.1 Flugrekanda er heimilt að ákveða lágmarksflughæðir á þeim leiðum sem þær hafa verið ákveðnar fyrir af stjórnvöldum þeirra ríkja sem flogið er yfir enda séu þær ekki lægri en þær flughæðir sem gildandi reglur hlutaðeigandi ríkja gera ráð fyrir, nema þau ríki veiti sérstaka heimild til þess.
4.3.5.2 (R) Flugrekanda ber að ákveða lágmarksflughæðir þar sem þær hafa ekki verið ákveðnar af ríkjum þeim sem flogið er yfir. Lágmarksflughæðir þessar skulu ekki ákveðnar lægri en lágmarksfluglög fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum.
4.3.5.3 (ÓR) Flugrekandi skal gera grein fyrir því með hvaða hætti hann hyggst ákveða lágmarksflughæðir á flugleiðum, þar sem þær hafa ekki verið ákveðnar af stjórnvöldum þess ríkis sem flogið er yfir, og skal þeim aðferðum lýst í flugrekstrarhandbók hans. Lágmarksflughæðir, sem ákveðnar eru með þessum hætti, skulu ekki vera minni en lágmarksfluglög fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum.

4.3.6 Flugvallarlágmörk.
4.3.6.1 Flugrekandi skal setja sér lágmörk fyrir sérhvern flugvöll sem hann notar í flugrekstri sínum. Leita ber viðurkenningar flugmálastjórnar á þeirri aðferð sem notuð er við ákvörðun flugvallarlágmarka. Flugvallarlágmörk skulu aldrei vera lægri en lágmörk þau, sem sett hafa verið fyrir flugvöllinn af yfirvöldum þess ríkis sem flugvöllurinn er í, nema það sé viðurkennt sérstaklega af stjórnvöldum hlutaðeigandi ríkis.
4.3.6.2 Þegar ákveðin eru flugvallarlágmörk fyrir tiltekna flugstarfsemi skal taka fullkomið tillit til eftirfarandi atriða, en þau eru:
a) tegund, afkastageta og eiginleikar flugvélarinnar,
b) samsetning flugáhafnarinnar, hæfni hennar og reynsla,
c) stærð og eiginleikar flugbrauta þeirra sem kunna að verða notaðar,
d) að aðflugsleiðsögutæki, sem tiltæk eru á jörðu niðri, séu fullnægjandi og starfi rétt,

e) sá tækjabúnaður sem tiltækur er í flugvélinni til að nota við flugleiðsögu og/eða til að stjórna ferli í aðflugi til lendingar og í fráhvarfsflugi,
f) hindranir í aðflugs- og fráhvarfssvæðum, svo og lágmörk yfir hindranir fyrir aðflug samkvæmt blindflugsaðferðum,
g) þau ráð sem notuð eru til þess að ákvarða og tilkynna veðurskilyrði, og
h) hindranir í brottflugssvæðum og nauðsynleg lágmarkshæðarbil frá hindrunum.

4.3.7 Hæð yfir þröskuldi í nákvæmnisaðflugi.
Flugrekandi skal setja starfsreglur til þess að tryggja að flugvél, sem notuð er í nákvæmnisaðflugi, sé í öruggri hæð yfir þröskuldi í aðflugi, og flugvélin sé í lendingarham og stöðu.

4.3.8 Eldsneytis- og olíuskrár.
Flugrekandi skal halda eldsneytis- og olíuskrár fyrir hvert flug. Skrár þessar skal flugrekandi geyma í a.m.k. 3 mánuði.

4.3.9 Áhöfn.
4.3.9.1 Flugrekandi skal tilnefna einn flugmann sem flugstjóra fyrir sérhvert flug og lágmarksfjöldi flugliða í sérhverju flugi skal vera í samræmi við flughandbók flugvélarinnar eða þau önnur gögn sem samþykkt hafa verið af flugmálastjórn. Flugrekanda er skylt að hlíta fyrirmælum flugmálastjórnar um áhafnir á þeirri gerð loftfars sem um er að ræða í hvert skipti.
4.3.9.1.1 Flugrekanda er óheimilt að láta flugmann gegna störfum flugstjóra í atvinnuflutningum með farþega og flugmanni er óheimilt að starfa sem slíkur, nema hann hafi minnst:
a) 500 fartíma reynslu og þar af séu ekki færri en 100 fartímar í landflugi,
b) 900 fartíma reynslu ef flugstjóri er einn í flugáhöfn við farþegaflutninga samkvæmt blindflugsreglum og hafi þar af minnst:
i) 400 fartíma reynslu sem flugstjóri og þar af minnst:
ii) 150 fartíma reynslu í fjölhreyfla flugvélum samkvæmt blindflugsreglum, og
c) 1200 fartíma reynslu ef flogið er í reglubundnu áætlunarflugi.
4.3.9.2 Flugrekandi skal halda skrá yfir fartíma eins og hann er á hverjum tíma fyrir sérhvern flugliða í þjónustu hans.
4.3.9.3 Flugrekandi skal semja reglur sem takmarka fartíma og flugskyldutíma flugliða í þjónustu hans. Reglur þessar skulu einnig gera ráð fyrir nægilegum hvíldartíma og vera með þeim hætti að tryggt sé að þreyta í flugi eða í raðkvæmu flugi, eða langvarandi þreyta vegna þessara starfa, stofni ekki öryggi flugs í hættu. Leita ber viðurkenningar flugmálastjórnar á reglum þessum og þær settar í flugrekstrarhandbók hans.
4.3.9.4 Flugrekandi skal halda sérstakar skrár yfir hvert flug, þar sem flogið er í meira en 15000 m (49000 feta) hæð, til þess að unnt sé að ákvarða hversu mikilli geimgeislun hver flugverji hefur orðið fyrir á hverju 12 mánaða tímabili.

4.3.10 Farþegar.
4.3.10.1 Flugrekandi skal tryggja að farþegum í flugvélum á hans vegum sé leiðbeint um verustað og notkun:
a) öryggisbelta,
b) neyðarútganga,
c) björgunarvesta ef flogið er fjær landi en 50 sjómílur,

d) súrefnistækja þegar þeirra er krafist fyrir farþega,
e) annarra tækja sem ætluð eru til einstaklingsbundinna nota í neyðartilvikum.

4.3.10.2 Flugrekandi skal kynna farþegum verustað og almennar notkunarreglur helsta neyðarbúnaðar um borð sem er ætlaður til sameiginlegra nota.

4.3.10.3 Í neyðartilvikum á flugi ber að gefa farþegum fyrirmæli um neyðarviðbrögð eftir því sem við á.

4.3.10.4 Við flugtök og lendingar og þegar búast má við ókyrrð í lofti eða þegar um neyðartilvik er að ræða og þörf er á varúð skal flugrekandi tryggja að allir farþegar í flugvélinni sitji í sætum sínum með öryggisbeltin spennt eða að öryggis þeirra sé gætt með öðrum hætti

4.4 Undirbúningur flugs.

4.4.1 Flug skal ekki hafið fyrr en öll undirbúningsskjöl fyrir flug hafa verið fyllt út og flugstjóri hefur staðfest að hann hafi sannreynt að:
a) flugvélin sé lofthæf,
b) allur búnaður og tæki, sem krafist er samkvæmt 6. kafla þessarar reglugerðar eða í samþykktri viðhaldshandbók og nauðsynleg eru fyrir þá tilteknu flugstarfsemi sem framkvæma skal, séu á sínum stað og fullnægjandi fyrir flugið,
c) undirritað hafi verið viðhaldsvottorð fyrir flugvél þá sem nota skal,
d) massi flugvélarinnar sé slíkur að framkvæma megi flugið af öryggi með hliðsjón af þeim flugskilyrðum sem gert er ráð fyrir,
e) farminum, sem flytja á, sé rétt hlaðið í flugvélina og hann festur á öruggan hátt,
f) athugun hafi sýnt að ákvæðum um lágmarksafkastagetu flugvélarinnar verði fullnægt í fluginu,
g) reglum um gerð leiðarflugáætlunar hafi verið fullnægt.

4.4.2 Flugrekandi skal varðveita öll skjöl, sem fyllt hafa verið út um undirbúning flugs, í a.m.k. 3 mánuði.

4.4.3 Leiðarflugáætlun.

4.4.3.1 Leiðarflugáætlun skal gerð fyrir sérhvert fyrirhugað flug. Leiðarflugáætlunin skal samþykkt og undirrituð af flugstjóra og af flugumsjónarmanni þar sem það á við. Hún skal geymd hjá flugrekanda eða fulltrúa hans en þar sem þess er ekki kostur skal hún geymd hjá flugvallaryfirvöldum eða á heppilegum stað á brottfararflugvelli.

4.4.3.2 (ÓR) Í leiðarflugáætlun skal eftirfarandi tilgreint nema annað sé tekið fram í flugrekstrarhandbók:
a) lágmarksflughæðir á flugleiðinni sem fara skal,
b) flugvallarlágmörk fyrir flugvelli, sem nota á, og fyrir varaflugvelli sem tilgreindir eru.

4.4.4 Varaflugvellir.

4.4.4.1 Þegar fljúga á í samræmi við blindflugsreglur, innanlands eða til Íslands, skal að minnsta kosti einn varaflugvöllur tilgreindur í leiðarflugáætlun og í flugáætlun fyrir flugumferðarstjórn. Sama gildir fyrir flug erlendis nema:
a) tímalengd flugsins og veðurskilyrði séu með þeim hætti, að verulegar líkur séu á því að á áætluðum komutíma á ákvörðunarstað, og í hæfilegan tíma fyrir og eftir þann tíma, verði unnt að framkvæma aðflug og lenda við sjónflugsskilyrði, eða
b) flugvöllurinn, sem ákveðið er að lenda á, sé afskekktur og um engan nothæfan varaflugvöll sé að ræða.

4.4.5 Veðurskilyrði.

4.4.5.1 Ekki skal hefja flug, sem framkvæma skal samkvæmt sjónflugsreglum, nema nýjustu veðurfréttir eða nýjustu veðurfréttir og nýjustu veðurspár veðurstofu sameiginlega bendi til að veðurskilyrði á leiðinni eða hluta af leiðinni, sem fljúga á samkvæmt sjónflugsreglum, muni vera með þeim hætti að unnt sé að fylgja þessum reglum á viðeigandi tíma.

4.4.5.2 Eigi skal hefja flug, sem framkvæma skal samkvæmt blindflugsreglum, nema fyrir liggi upplýsingar sem benda til þess að skilyrði á þeim flugvelli, sem áætlað er að lenda á, eða að minnsta kosti á einum varaflugvelli, verði á áætluðum komutíma jöfn eða betri en flugvallarlágmark hlutaðeigandi flugvallar.

4.4.5.3 Eigi skal hefja flug, þar sem áætlað er að fljúga á leið þar sem kunnugt er um, veðurstofa spáir, eða búast má við ísingu, nema flugvélin sé til þess búin að standast slík skilyrði.

4.4.5.4 Eigi skal hefja flug þegar hrím, snjór eða ís hylur og/eða loðir við vængi, stjórnfleti, loftskrúfur eða skrúfublöð flugvélar.

4.4.6 Eldsneytis- og olíubirgðir.

4.4.6.1 Allar flugvélar: Flug skal ekki hefja fyrr en gengið hefur verið úr skugga um að eldsneytis- og olíubirgðir flugvélarinnar séu nægilegar til að tryggt sé að ljúka megi fluginu örugglega. Í þessu sambandi ber að hafa hliðsjón af veðurskilyrðum og öllum töfum sem búist er við á flugi. Þá skal einnig hafa meðferðis varaforða til að vera viðbúinn óvæntum atvikum.

4.4.6.2 **Skrúfuflugvélar:** Eldsneytis- og olíubirgðir, sem teknar eru með til að fullnægja ákvæðinu í gr. 4.4.6.1, skulu endast að minnsta kosti til eftirfarandi þegar um skrúfuflugvélar er að ræða:

4.4.6.2.1 Þegar ekki er krafist varaflugvallar, sbr. gr. 4.4.4.1 a), að fljúga til þess flugvallar, sem áætlað er að fljúga til, og þar á eftir í 45 mínútur.

4.4.6.2.2 Þegar krafist er varaflugvallar, annaðhvort

a) að fljúga til þess flugvallar, sem áætlað er að fljúga til, og þaðan til þess varaflugvallar, sem mest eldsneyti þarf til að komast til og getið er um í leiðarflugáætlun og síðan til flugs í 45 mín, eða

b) að fljúga til varaflugvallarins um fyrirfram ákveðinn stað og þar á eftir í 45 mínútur að því tilskildu að eldsneytið sé ekki minna en það magn sem þarf til að fljúga til þess flugvallar, sem er áætlað að fljúga til, og eftir það í :

1) 45 mínútur og að auki 15% af heildarfartímanum sem áætlaður er í farflugshæð, eða

2) tvær klukkustundir,

eftir því hvort er minna 1) eða 2).

4.4.6.2.3 Þegar ekki er kostur nothæfs varaflugvallar, skv. gr. 4.4.4.1 b), að fljúga til ákvörðunarstaðar og síðan í:

a) 45 mín og að auki 15% af áætluðum fartíma í farflugshæð, eða

b) tvær klukkustundir,

eftir því hvort er minna.

4.4.6.3 **Þotur:** Eldsneytis- og olíubirgðir, sem teknar eru til að fullnægja ákvæðum í gr. 4.4.6.1, skulu endast til eftirfarandi þegar um er að ræða flugvélar búnar þotuhreyflum:

4.4.6.3.1 Þegar ekki er gert ráð fyrir varaflugvelli, sbr. gr. 4.4.4.1 a), að fljúga til þess flugvallar sem áætlað er að lenda á og að auki:
a) að fljúga í 30 mín. á biðflugshraða í 450 m (1500 feta) hæð yfir ákvörðunarflugvellinum í málhitaskilyrðum, og
b) að hafa nægilegar aukabirgðir til að vera viðbúinn aukinni eldsneytiseyðslu vegna óvæntra atvika sem nánara eru tilgreind af flugrekanda með samþykki flugmálastjórnar.

4.4.6.3.2 Þegar krafist er varaflugvallar:
a) að fljúga til þess flugvallar sem áætlað er að fljúga til, framkvæma aðflug og fráhvarfsflug þar, og því næst:
1) fljúga til varaflugvallarins sem tilgreindur er í flugáætlun, og síðan
2) fljúga í 30 mín. á biðflugshraða í 450 m (1500 feta) hæð yfir varaflugvellinum við málhitaskilyrði, framkvæma aðflug, lenda og
3) hafa nægilegar aukaeldsneytisbirgðir til að vera viðbúinn aukinni eyðslu vegna óvæntra atvika sem nánara eru tilgreind af flugrekanda með samþykki flugmálastjórnar.
b) að fljúga til varaflugvallar um fyrirfram ákveðinn stað og þar á eftir í 30 mín. í 450 m (1500 feta) hæð yfir varaflugvellinum enda sé gert ráð fyrir nægilegum aukabirgðum af eldsneyti til að vera viðbúinn aukinni eyðslu vegna óvæntra atvika sem nánara eru tilgreind af flugrekanda með samþykki flugmálastjórnar. Eldsneyti skal samkvæmt þessu ekki vera minna en það eldsneytismagn sem þarf til að fljúga til þess flugvallar, sem áætlað er að fljúga til, og eftir það í tvær klst. með eðlilegri farflugseyðslu.

4.4.6.3.3 Þegar enginn varaflugvöllur er tiltækur, sbr. gr. 4.4.4.1 b), að fljúga til þess flugvallar sem áætlað er að fljúga til og því næst í tvær klst. með eðlilegri farflugseyðslu.

4.4.6.4 Við útreikninga á eldsneytis- og olíueyðslu, sem ráð er fyrir gert í gr. 4.4.6.1, skal a.m.k. taka mið af eftirfarandi:
a) veðurspám,
b) væntanlegri leið, sem flogin yrði samkvæmt leiðbeiningum flugumferðarstjórnar, svo og umferðartöfum,
c) einu blindaðflugi við ákvörðunarflugvöll, þar með talið eitt fráhvarfsflug,
d) þeim reglum, er greinir í flugrekstrarhandbók, um vinnubrögð þegar jafnþrýstikerfið verður óvirkt, þar sem það á við, eða ef einn hreyfill bilar á leiðinni, og
e) sérhverjum þeim atvikum sem gætu seinkað lendingu flugvélar eða aukið eldsneytis- og/eða olíueyðslu hennar.

4.4.7 Áfylling eldsneytis þegar farþegar eru um borð.

4.4.7.1 Við áfyllingu eldsneytis skal fara eftir „Reglugerð um eldsneytisáfyllingu loftfara."

4.4.8 Súrefnisbirgðir.

4.4.8.1 Ef fyrirhugað er að fljúga í hæð, þar sem loftþrýstingur er minni en 700 hPa (700 mb) í vistarverum áhafnar og farþega, skal ekki hefja flugið án þess að tryggt sé að nægilegar súrefnisbirgðir séu tiltækar til öndunar, þannig að þær dugi:
a) allri áhöfninni og 10% farþega allan þann tíma fram yfir 30 mín., sem loftþrýstingur í vistarverum þeirra er á bilinu 620-700 hPa (620-700 mb),
b) áhöfn og farþegum allan þann tíma sem loftþrýstingur í vistarverum er lægri en 620 hPa (620 mb).

Aths.: Eftirfarandi tafla sýnir nokkurn veginn samsvarandi gildi loftþrýstings í meðallofti og flughæðar:

Loftþrýstingur:	Hæð í metrum:	Hæð í fetum:
700 hPa	3.000	10.000
620 hPa	4.000	13.000
376 hPa	7.600	25.000

4.4.8.2 Eigi skal hefja flug, sem fyrirhugað er með flugvélum sem hafa jafnþrýstibúnað, nema tiltækar séu nægar súrefnisbirgðir til öndunar handa öllum flugverjum og hluta farþeganna, eftir því sem við á með hliðsjón af fluginu, sem flogið er, ef loftþrýstingur fellur og fer niður fyrir 700 hPa (700 mb) í vistarverum þeirra einhvern tíma flugsins.

4.5 Starfsaðferðir á flugi.

4.5.1 Flugvallarlágmörk.

4.5.1.1 Flugi skal eigi haldið áfram til flugvallar, sem áætlað er að lenda á, nema síðustu fáanlegar upplýsingar bendi til að við áætlaðan komutíma verði hægt að lenda á flugvellinum eða a.m.k. á einum varaflugvelli í samræmi við gildandi kröfur um lágmörk.

4.5.1.2 Eigi skal haldið áfram aðflugi til lendingar að nokkrum flugvelli, nema í neyðartilvikum, þannig að brotið sé ákvæði um lágmörk.

4.5.2 Hættulegar aðstæður í flugi.

4.5.2.1 Öll loftför skulu tilkynna næstu flugumferðarþjónustudeild, meðan á flugi stendur eða eins fljótt og unnt er, um eftirfarandi tilvik:

a) þegar vart verður við mikla ókyrrð (severe turbulance) eða mikla ísingu (severe icing), eða
b) þegar vart verður við miðlungsókyrrð (moderate turbulance), hagl eða skúraský á flugi nálægt eða yfir hljóðhraða (trans-sonic/supersonic), eða
c) þegar vart verður við gosösku eða flogið er inn í hana,
d) þegar vart verður við að eldgos sé að hefjast eða þegar hafið, eða
e) þegar vart verður við önnur veðurskilyrði, t.d. þau sem flokkuð eru sem SIGMET-upplýsingar og gætu að mati flugstjórans haft áhrif á flugöryggi eða haft veruleg áhrif á flug annarra loftfara.

4.5.2.2 Öll loftför skulu tilkynna næstu flugumferðarþjónustudeild, meðan á flugi stendur eða eins fljótt og unnt er, um veðurskilyrði, sem vart hefur orðið í klifri eftir flugtak eða í aðflugi og ekki hafa verið tilkynnt flugstjóra áður, ef þau að mati flugstjórans væru líkleg til þess að hafa áhrif á öryggi flugs annarra loftfara.

4.5.2.3 Verði aðstæður á flugi á einhvern hátt hættulegar, vegna annars en veðurskilyrða, skal tilkynna það næstu flugumferðarþjónustudeild svo fljótt sem kostur er. Tilkynningum skal hagað þannig að öryggi annarra loftfara sé haft í huga.

4.5.3 Flugliðar á starfsstað.

4.5.3.1 **Flugtak og lending:** Sérhver flugliði, sem gegnir skyldustörfum í stjórnklefa, skal vera á starfsstað sínum.

4.5.3.2 **Á flugi:** Sérhver flugliði, sem gegnir skyldustörfum í stjórnklefa, skal vera á starfsstað sínum nema fjarvera hans sé nauðsynleg vegna starfrækslu flugvélarinnar eða hann þurfi að sinna líkamlegum þörfum sínum.

4.5.3.3 **Öryggisbelti:** Sérhver flugliði skal hafa öryggisbelti sitt spennt þegar hann er á starfsstað sínum.

4.5.3.4 **Axlarólar:** Sérhver flugliði, sem situr í flugmannssæti skal hafa axlarólar, ef tiltækar eru, spenntar við flugtak og lendingu. Aðrir flugliðar skulu hafa axlarólar spenntar við flugtak og lendingu nema þær hindri þá við skyldustörf þeirra.

4.5.4 Notkun súrefnis.

4.5.4.1 Allir flugliðar skulu, þegar þeir sinna skyldustörfum sem nauðsynleg eru öruggri stjórn flugvélar á flugi, stöðugt nota öndunarsúrefni við aðstæður þegar þess er þörf, skv. gr. 4.4.8.1 eða 4.4.8.2.

4.5.4.2 Allir flugliðar í flugvél, sem er búin jafnþrýstibúnaði og flogið er í hæð þar sem loftþrýstingur er minni en 376 hPa (376 mb), skulu hafa til taks á starfsstað sínum súrefnisgrímu sem gerir þeim kleift að anda að sér súrefni eftir þörfum.

4.5.5 Starfshættir í blindflugi.

4.5.5.1 Allar flugvélar, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum, skulu fara eftir blindaðflugsaðferðum sem samþykktar eru af stjórnvöldum þeirra ríkja sem hlutaðeigandi flugvellir eru í.

4.6 Skyldur flugstjóra.

4.6.1 Flugstjóri ber ábyrgð á starfrækslu og öryggi flugvélar og öryggi allra manna um borð meðan á fartíma stendur.

4.6.2 Flugstjóri skal sjá svo um að eftirlitskerfi skv. gr. 4.3.4 sé fylgt í öllum atriðum.

4.6.3 Flugstjóri er ábyrgur fyrir því að tilkynna næsta hlutaðeigandi yfirvaldi, svo fljótt sem auðið er, sérhvert slys, sem flugvélin lendir í ef það hefur í för með sér meiðsli eða dauða fólks eða verulegar skemmdir á flugvélinni eða öðrum verðmætum.
Aths.: „Reglugerð um tilkynningarskyldu", eins og hún er í gildi á hverjum tíma, kveður nánar á um tilkynningarskyldu flugstjóra.

4.6.4 Flugstjóri er ábyrgur fyrir því að tilkynna flugrekanda að loknu flugi um allar bilanir eða galla á flugvélinni sem vitað er um eða grunur leikur á um.

4.7 Skyldur flugumsjónarmanns.

4.7.1 Flugumsjónarmaður, sem hefur flugumsjón með hendi í samræmi við gr. 4.3, skal:

a) aðstoða flugstjórann við undirbúning flugsins og útvega þær upplýsingar sem máli skipta og þörf er á,
b) aðstoða flugstjórann við gerð leiðarflugáætlunar og flugáætlunar, skrifa undir, þegar við á, og senda flugáætlun til hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar,
c) láta flugstjóranum í té meðan á flugi stendur, með tiltækum ráðum, þær upplýsingar sem honum geta verið nauðsynlegar til þess að framkvæmd flugsins verði örugg,
d) gera í neyðartilvikum ráðstafanir í samræmi við það sem frá er greint í flugrekstrarhandbók.

4.7.2 Við framkvæmd skyldustarfa sinna ber flugumsjónarmanni að varast að aðhafast nokkuð það sem stangast gæti á við starfshætti:

a) flugumferðarþjónustu,
b) veðurþjónustu, eða
c) fjarskiptaþjónustu.

4.8 Langflug tveggja hreyfla flugvéla.

4.8.1 Flugvélum, sem knúnar eru tveimur hverfilhreyflum og hafa hámarksmassa yfir 5700 kg og gerðar eru til flutninga á 20 eða fleiri farþegum, skal ekki án sérstakrar heimildar flugmálastjórnar flogið fjær flugvelli, sem fullnægjandi telst til notkunar, en svo að ná megi til flugvallarins á 60 mínútum eða skemmri tíma á eðlilegum farflugshraða með annan hreyfilinn óvirkan.

4.8.2 Ekki skal hefja flug, skv. gr. 4.8.1, nema þeir varaflugvellir, sem krafist er á leiðinni, verði til taks á líklegum komutíma, og allar tiltækar upplýsingar bendi til að skilyrði á þessum flugvöllum verði betri en flugvallarlágmörk þau sem samþykkt hafa verið af flugmálastjórn fyrir þá.

5.0 AFKASTAGETA FLUGVÉLA

5.1 Gildissvið.

5.1.1 Þessi kafli á við flugvélar sem hafa hámarksmassa yfir 5700 kg. Um flugvélar sem hafa minni hámarksmassa gildir sérstök reglugerð, „Reglugerð um lágmarksafkastagetu flugvéla".

5.2 Starfræksla.

5.2.1 Flugvél skal starfrækt í samræmi við ákvæði þau sem felast í lofthæfiskírteini hennar, svo og samþykktar rekstrartakmarkanir í flughandbók.

5.2.2 Flug skal eigi hefja nema upplýsingar um afkastagetu í flughandbók flugvélarinnar sýni að ákvæðum í gr. 5.2.3 og 5.2.4 hér á eftir verði fullnægt í fyrirhuguðu flugi.

5.2.3 Hafa skal hliðsjón af öllum þáttum sem hafa marktæk áhrif á afkastagetu flugvélar, svo sem massa hennar, hæð flugvallar eða þrýstingshæð hans, hitastigi, vindi, halla flugbrautar og ástandi hennar, þ.m.t. hversu slétt yfirborð hennar er og hvort á henni er krap, vatn og/eða ís. Hafa skal hliðsjón af þessum þáttum beint sem flugrekstrarbreytum (operational parameters), eða óbeint með því að gera á fullnægjandi hátt ráð fyrir þeim með nægum öryggismörkum og skekkjufrávikum miðað við ríkjandi flugskilyrði hverju sinni.

5.2.4 a) Massi flugvélar í upphafi flugtaks skal ekki vera meiri en svo að unnt sé að fullnægja ákvæðum í gr. 5.2.4.1, sem og í gr. 5.2.4.2 og 5.2.4.3 þegar gert hefur verið ráð fyrir minnkun massa á flugi og losun eldsneytis samkvæmt gr. 5.2.4.2, og að því er varðar varaflugvelli, samkvæmt gr. 5.2.4 c) og 5.2.4.3.

b) Massi flugvélar í upphafi flugtaks skal aldrei vera meiri en hámarksmassi sá, sem tilgreindur er í flughandbók hennar fyrir hæð eða þrýstingshæð hlutaðeigandi flugvallar, og ef notaðar eru flugrekstrarbreytur til þess að ákveða mesta leyfilega massa flugvélar í flugtaki skal einnig taka mið af öðrum veðurfræðilegum aðstæðum á flugvellinum, þ.m.t. rakastig.

c) Áætlaður massi flugvélar við ráðgerðan lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og sérhverjum varaflugvelli skal aldrei vera meiri en hámarkslendingarmassi sá, sem tilgreindur er í flughandbók hennar fyrir hlutaðeigandi flugvöll með hliðsjón af hæð og þrýstingshæð flugvallarins, og ef notaðar eru flugrekstrarbreytur til þess að ákveða mesta leyfilega lendingarmassa flugvélar skal einnig taka mið af öðrum veðurfræðilegum aðstæðum, þ.m.t. rakastig.

d) Massi flugvélar í upphafi flugtaks eða við áætlaðan lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og sérhverjum varaflugvelli skal aldrei vera meiri en leyfilegur massi flugvélar til þess að fullnægt sé gildandi ákvæðum um hávaðamörk.

5.2.4.1 **Flugtak.** Ef hinn varasami hreyfill flugvélar verður óvirkur á einhverju stigi flugtaks á að vera unnt annaðhvort að hætta við flugtak og stöðva flugvélina innan tiltækrar hröðunar/stöðvunarvegalengdar eða halda flugtakinu áfram og komast hjá öllum hindrunum á flugferlinum í öruggri fjarlægð þar til unnt er að fljúga flugvélinni í samræmi við ákvæði í gr. 5.2.4.2.1.

5.2.4.2 **Farflug.**

5.2.4.2.1 **Einn hreyfill óvirkur.** Ef hinn varasami hreyfill flugvélar verður óvirkur einhvers staðar á áætlaðri flugleið eða ráðgerðum frávikum frá henni á að vera unnt að halda fluginu áfram, án þess að fljúga nokkru sinni niður fyrir lágmarksflughæðir, til flugvallar sem hægt er að lenda á í samræmi við ákvæði í gr. 5.2.4.3.

5.2.4.2.2 **Tveir hreyflar óvirkir.** Flugvélum með þrjá eða fleiri hreyfla á að vera unnt að fljúga til flugvallar og lenda þar, þótt tveir hreyflar verði óvirkir, án tillits til þess hvar á flugleiðinni það er, ef fjarlægð frá heppilegum flugvelli og lengd flugs er slík að gera verði ráð fyrir því, til þess að nægs öryggis sé gætt, að tveir hreyflar geti orðið óvirkir.

5.2.4.3 **Lending.** Unnt skal vera að lenda flugvél á ákvörðunarflugvelli og á sérhverjum varaflugvelli og komast hjá öllum hindrunum á aðflugsferlinum í öruggri fjarlægð og stöðva flugvélina á tiltækri lendingarvegalengd.

6.0 FLUGSKJÖL, MÆLITÆKI OG BÚNAÐUR FLUGVÉLA

6.1 Almennt.

6.1.1 Flugrekandi skal hafa í flugrekstrarhandbók sinni upplýsingar fyrir flugstjóra til þess að gera honum kleift að ákveða hvort flugi megi halda áfram þótt einhver mælitæki, búnaður eða kerfi flugvélarinnar verði óvirk.
Aths.: Hér er m.a. átt við lista um lágmarksbúnað (MEL-Minimum Equipment List).

6.2 Allar flugvélar í öllu flugi.

6.2.1 Flugvél skal búin mælitækjum sem gera flugliðum kleift að stjórna flugferli hennar, framkvæma allar þær flugathafnir, sem þörf krefur, og fljúga innan getumarka flugvélarinnar við þau skilyrði sem búast má við í fluginu.

6.2.2 Flugvélar skulu búnar ísvarnar- og/eða íseyðitækjum þegar þeim er flogið við skilyrði þar sem tilkynnt hefur verið um ísingarhættu, henni er spáð af veðurstofu eða búist er við henni.

6.2.3 (R) Flugvélar, sem ætlaðar eru til notkunar í reglubundnu áætlunarflugi samkvæmt blindflugsreglum, skulu búnar ísvarnar- og/eða íseyðitækjum.

6.3 Allar flugvélar búnar flugritum.

6.3.1 Ekki skal slökkva á flugritum meðan á flugi stendur.

6.3.2 Til þess að varðveita gögn þau, sem flugritar geyma, skal, þegar unnt er, taka þá úr sambandi að fartíma loknum, hafi orðið slys eða óhapp, og ekki setja þá í samband aftur fyrr en þau gögn hafa verið tekin til geymslu.

6.4 Allar flugvélar sem fullnægja kröfum um hávaðatakmarkanir.

6.4.1 Í flugvélum, sem fullnægja kröfum um hávaðatakmarkanir, skal vera skírteini, sem flugmálastjórn hefur gefið út, því til staðfestingar.

6.5 Allar flugvélar sem flogið er ofar en í 15000 m (49000 feta) hæð.

6.5.1 Í öllum flugvélum, sem ætlað er að fljúga ofar en í 15000 m (49000 feta) hæð, skulu vera mælitæki til þess að mæla og sýna á hverjum tíma heildarmagn geimgeislunar, sem flugvélin verður fyrir, auk þess heildarmagns geimgeislunar sem flugvélin hefur orðið fyrir í hverju flugi. Auðvelt skal vera fyrir flugliða að lesa af mælitækinu.

7.0 FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKI FLUGVÉLA

7.1 Fjarskiptatæki.

7.1.1 Flugvél skal búin fjarskiptatækjum svo að unnt sé:
a) að halda uppi gagnkvæmum fjarskiptum við flugturnsþjónustu,
b) að hlusta á veðurfréttir hvenær sem er á flugi,
c) að halda uppi gagnkvæmum fjarskiptum, hvenær sem er á flugi, við að minnsta kosti eina flugfjarskiptastöð og við aðrar þær flugfjarskiptastöðvar, sem hlutaðeigandi yfirvöld mæla fyrir um, á þeirri tíðni sem þau hafa ákveðið.

7.1.2 Fjarskiptatækin, sem um getur í gr. 7.1.1, skulu búin neyðartíðni flugsins 121,5 MHz.

7.2 Leiðsögutæki.

7.2.1 Flugvél skal búin leiðsögutækjum svo að unnt sé að fljúga:
a) í samræmi við leiðarflugáætlun, og
b) í samræmi við kröfur flugumferðarþjónustu,
nema heimilað sé flug í samræmi við sjónflugsreglur með viðmiðun við kennileiti á jörðu niðri.

7.2.2 Fyrir flug í sérstaklega skilgreindu loftrými, þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (Minimum Navigation Performance Specifications) og mælt fyrir um hana samkvæmt svæðisbundnum samningum um flugleiðsögu, skal flugvél búin flugleiðsögutækjum sem:
a) með nægjanlegri nákvæmni gefa flugliðum stöðuga vísbendingu um samsvörun við fyrirhugaðan flugferil eða frávik frá honum alla flugleiðina, og
b) hafa verið heimiluð af flugmálastjórn til notkunar í flugi í því loftrými.

7.2.3 Flugvélin skal búin þess konar flugleiðsögutækjum að tryggt sé að þótt bilun verði í einu tæki eða búnaði þess, hvenær sem er á flugi, þá sé allt um það hægt að fljúga í samræmi við kröfur þær sem gerðar eru í gr. 7.2.1 og, þar sem við á í gr. 7.2.2.

7.2.4 Þegar fyrirhuguð er lending í blindflugsskilyrðum skal flugvél búin fjarskiptatækjum sem tekið geta á móti leiðarmerkjum til staðar, þaðan sem unnt er að lenda úr sjónaðflugi. Tækin skulu geta gefið þess konar leiðbeiningar við sérhvern ákvörðunarflugvöll, sem lenda skal á í blindflugsskilyrðum, og sérhvern varaflugvöll.

7.3 Frágangur búnaðar.

7.3.1 Búnaðinum skal þannig fyrir komið að bilun í einhverjum einum hluta hans, hvort sem er fyrir fjarskipti eða flugleiðsögu eða hvorttveggja, valdi ekki bilun í öðrum hluta búnaðarins hvort sem er fyrir fjarskipti eða flugleiðsögu.

8.0 VIÐHALD FLUGVÉLA

8.1 Almennt.

8.1.1 Flugrekandi skal sjá um að tiltæk sé viðhaldsþjónusta sem hefur yfir að ráða þjálfuðu starfsliði, verkstæðum og öðrum búnaði og tækjum til að halda flugvélum hans lofthæfum þegar þær eru í notkun.

8.1.2 Þegar viðhald flugvéla, sem um getur í gr. 8.1.1, er falið, annað hvort að hluta til eða öllu leyti, utanaðkomandi viðurkenndri viðhaldsstofnun, breytast skyldur flugrekandans samkvæmt gr. 8.2, 8.3 og 8.4 með hliðsjón af umfangi þess viðhalds sem viðurkennda viðhaldsstofnunin tekur að sér.

8.2 Viðhaldshandbók.

8.2.1 Flugrekandi skal sjá um, að tiltæk sé viðhaldshandbók til afnota og leiðbeiningar fyrir starfsmenn hans eða aðra er starfa að viðhaldi flugvéla hans. Í þessari bók skulu vera þær upplýsingar sem greint er frá í gr. 11.2. Leita ber samþykkis flugmálastjórnar á viðhaldshandbók og öllum þeim breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

8.2.2 Flugrekandi skal sjá um að gerðar séu nauðsynlegar breytingar og viðbætur á viðhaldshandbókinni þannig að upplýsingar í henni séu ætíð í gildi.

8.2.3 Afrit af öllum breytingum og endurbótum á viðhaldshandbókinni skal senda jafnóðum til allra þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem viðhaldshandbókinni hefur verið dreift til.

8.3 Þjálfun.

8.3.1 Flugrekandi skal sjá um að allir þeir, sem starfa að viðhaldi flugvéla hans, fái þjálfun í starfsaðferðum sem nota skal við viðhaldið, sérstaklega þegar nýjar eða framandi gerðir tækja og búnaðar eða flugvéla eru teknar í notkun.

8.4 Skoðanir.

8.4.1 Flugrekandi skal sjá um, að tiltækt sé skoðunarkerfi er tryggi að allt viðhald, grannskoðanir, breytingar og viðgerðir, sem hafa eða gætu haft áhrif á lofthæfi, fari fram í samræmi við ákvæði viðhaldshandbókar.

8.5 Réttindi til að staðfesta lofthæfi.

8.5.1 Hver sá, sem ber ábyrgð á að staðfesta að flugvél sé lofthæf, skal hafa til þess fullgild réttindi.

8.6 Breytingar og viðgerðir.

8.6.1 Allar breytingar og viðgerðir skal framkvæma með aðferðum sem hæfa hlutaðeigandi flugvél.

8.7 Viðhaldsvottorð.

8.7.1 Viðhaldsvottorð skal útfyllt og undirritað af manni eða mönnum sem hafa fullgild réttindi til að staðfesta að viðhaldsverkinu sé lokið á viðurkenndan hátt og í samræmi við aðferðir sem lýst er í viðhaldshandbók.

8.8 Skrár.

8.8.1 Flugrekandi skal sjá um að eftirfarandi skrár séu færðar:

a) um flugvélina í heild sinni:

i) um heildarflugtíma og fjölda lendinga,

b) um aðalhluti flugvélarinnar:
   i) um heildarflugtíma,
   ii) fjölda lendinga, ef notkun og notkunartími þeirra takmarkast af tölu lendinga,
   iii) um dagsetningu síðustu grannskoðunar,
   iv) um dagsetningu síðustu skoðunar,
c) um mælitæki og búnað, ef notkun og notkunartími þeirra takmarkast af flugtíma, skal færð :
   i) skrá um heildarflugtíma að því marki að unnt sé að ákveða ástand þeirra og meta endingu þeirra,
   ii) skrá um dagsetningu síðustu skoðunar.

8.8.1.1 Skrár þessar skal varðveita í 90 daga eftir að endingartíma hlutarins, sem þær eiga við, er lokið.

9.0 FLUGÁHAFNIR

9.1 Samsetning áhafnar.

9.1.1 Fjöldi flugliða í áhöfn skal ekki vera minni en segir í flugrekstrarhandbókinni og samsetning flugáhafnar skal einnig vera í samræmi við bókina. Í flugáhöfninni skulu vera allir þeir flugliðar sem krafist er samkvæmt lofthæfiskírteini eða flughandbók flugvélarinnar eða öðrum gögnum, tengdum lofthæfiskírteini hennar. Að auki skulu vera flugliðar í áhöfn, eftir því sem flugmálastjórn telur nauðsynlegt hverju sinni þar sem meðal annars er höfð hliðsjón af þeirri tegund flugvélar, sem notuð er, tegund flugrekstrar og fartíma milli staða þar sem skipt er um flugáhöfn.

9.1.2 Þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni skulu samt í atvinnuflutningum með farþega vera tveir flugmenn með réttindi á hlutaðeigandi flugvélartegund. Þessi grein tekur gildi 1. janúar 1992.

9.1.2.1 Þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni skulu samt í atvinnuflutningum með farþega vera tveir flugmenn með réttindi á hlutaðeigandi flugvélartegund, þegar um er að ræða :
a) reglubundið áætlunarflug og leiguflug, milli Íslands og annarra landa, og
b) reglubundið áætlunarflug og leiguflug, með :
   i) þotum,
   ii) skrúfuþotum með jafnþrýstibúnaði,
   iii) flugvélum sem gerðar eru til flutninga á fleiri en 9 farþegum.

9.1.3 Þeir flugliðar, sem nota fjarskiptatæki, skulu hafa gilt skírteini, fullgilt eða útgefið af Póst- og símamálastofnun, sem heimilar þeim að starfrækja þau fjarskiptatæki sem um borð eru hverju sinni.

9.1.4 Þegar hönnun flugvélar gerir ráð fyrir sérstökum starfsstað fyrir flugvélstjóra skal í flugáhöfninni vera a.m.k. einn flugvélstjóri, sem ætlað er að starfa á þeim stað, nema framkvæmd þeirra starfa sé á fullnægjandi hátt sinnt af öðrum flugliða, sem er handhafi skírteinis flugvélstjóra, án þess að það trufli skyldustörf flugliðans.

9.2 Skyldur flugliða í neyðarástandi.

9.2.1 Flugrekandi skal tilgreina, fyrir sérhverja tegund flugvélar, hverjar skyldur hvers flugliða eru í neyðartilvikum eða við aðstæður sem krefjast neyðarrýmingar flugvélar. Í þjálfunaráætlun flugrekanda skulu vera ákvæði um árlega þjálfun í neyðarviðbrögðum og skal hún fela í sér kennslu í notkun alls neyðar- og björgunarbúnaðar, sem krafist er að sé um borð, svo og æfingu í neyðarrýmingu flugvélarinnar.

9.3 Þjálfunaráætlun flugliða.

9.3.1 Flugrekandi skal koma á og framkvæma áætlun um þjálfun flugliða á jörðu niðri og í lofti. Þessi áætlun skal viðurkennd af flugmálastjórn. Þjálfunin skal miða að því að tryggt sé að sérhver flugliði öðlist þá þekkingu og færni sem honum er nauðsynleg til að gegna skyldum sínum. Flugrekandi skal sjá um að tiltæk sé aðstaða til slíkrar þjálfunar, svo og að tiltækir séu hæfir þjálfaðir leiðbeinendur í samræmi við fyrirmæli og með samþykki flugmálastjórnar. Þjálfunin skal bæði fara fram á jörðu niðri og í lofti, í flugvélum sömu tegundar og þeim sem flugliði á að starfa í. Þjálfunin skal miða að því að samræma störf einstakra flugliða og fela í sér vinnubrögð í neyðartilvikum og við aðrar aðstæður, svo sem vegna óvæntra bilana í hreyflum, skrokk, kerfum, vegna eldsvoða eða annars sem úrskeiðis fer. Enn fremur skal veita flugliðum þjálfun í flutningi hættulegra efna með flugvélum. Öll þjálfun flugliða skal miða að því að gera þeim ljósa grein fyrir hlutverki sínu og ábyrgð og tengslum við störf annarra flugverja. Þjálfun þessi skal fara fram með reglulegu millibili eftir því sem flugmálastjórn ákveður. Að lokinni þjálfun skal prófa hæfni flugliðanna.

9.3.2 Kröfum um endurtekna þjálfun á tiltekna flugvélartegund er talið fullnægt með :

a) notkun flugþjálfa sem flugmálastjórn hefur samþykkt fyrir þá tegund flugvélar sem um ræðir og flugliðinn starfar í, eða
b) því að standast innan tiltekins tíma sérstakt hæfnipróf, skv. gr. 9.4.4 hér á eftir.

9.4 Hæfnikröfur.

9.4.1 Flugrekandi skal ekki tilnefna flugmann í stöðu flugstjóra nema hann hafi á síðustu 90 dögum fyrir flugferðina framkvæmt, sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður, að minnsta kosti þrjú flugtök og þrjár lendingar á þeirri tegund flugvélar sem honum er ætlað að stjórna.

9.4.2 Flugrekandi skal ekki tilnefna aðstoðarflugmann til að handfjalla stjórntæki flugvélar við flugtak og lendingu nema hann hafi á síðustu 90 dögum fyrir flugferðina verið flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á sömu tegund flugvélar eða hafi með öðrum hætti sannað hæfni sína.

9.4.3 Flugstjóri: Þekking á flugvöllum og flugleið.

9.4.3.1 Flugrekanda er óheimilt að láta flugmann gegna störfum flugstjóra á flugleið eða hluta flugleiðar nema hann sé hæfur til þess í samræmi við gr. 9.4.3.2, 9.4.3.3 og í reglubundnu áætlunarflugi gr. 9.4.3.4-(R). 9.4.3.2 Sérhver slíkur flugmaður skal sanna fyrir flugrekanda að hann hafi fullnægjandi þekkingu á:

a) leiðinni, sem flogin er, og flugvöllum sem nota á, þar með talið :
   1) landslag og lágmarksflughæðir,
   2) breytileg veðurskilyrði eftir árstíðum,
   3) veðurþjónusta, fjarskipta- og flugumferðarþjónusta og starfshættir þeirra,
   4) leitar- og björgunarþjónusta,
   5) flugleiðsögustöðvar tengdar flugleiðinni sem fljúga á,
b) reglum og starfsháttum, sem eiga við flugleiðir yfir þéttbýl svæði og fjölfarnar flugleiðir, hindranir, landslag, lýsingu, aðflugstæki og komu-, brottfarar-, biðflugs- og blindaðflugs-aðferðir og vinnubrögð og viðeigandi lágmörk.

9.4.3.3 Flugstjóri á tiltekinni flugleið skal hafa framkvæmt aðflug inn á sérhvern flugvöll, sem lending er fyrirhuguð á, í fylgd flugmanns sem áður hefur sannað hæfni sína fyrir þann flugvöll. Flugmaðurinn skal annaðhvort hafa verið flugliði eða áhorfandi í stjórnklefa. Þessa er þó ekki þörf, þegar:

a) aðflug að flugvellinum liggur ekki yfir erfitt landssvæði og aðflugsaðferðum, aðflugstækjum og öðrum hjálparbúnaði, sem fyrir hendi eru, svipar til þeirra, sem flugstjóranum eru kunnug, og ef, með samþykki flugmálastjórnar, bætt er við venjuleg gildandi lágmörk eða sæmileg vissa er fyrir því að aðflug og lending sé framkvæmanleg við sjónflugsskilyrði, eða
b) lækkun úr frumaðflugshæð er gerleg við sjónflugsskilyrði að degi, eða
c) flugrekandi gerir flugstjóra hæfan til þess að lenda á hlutaðeigandi flugvelli með því að kynna honum aðstæður með fullnægjandi myndtækni, eða
d) hlutaðeigandi flugvöllur liggur nærri öðrum flugvelli sem flugstjórinn er hæfur til að lenda á.

9.4.3.4 (R) Til þess að flugstjóri teljist hæfur til þess að fljúga nokkra flugleið eða hluta flugleiðar, þar sem flugleiðsaga styðst eingöngu við jarðsýn og kennileiti á jörðu niðri og fljúga skal niður fyrir hæð hindrana sem liggja nær miðlínu flugleiðar en 46 km (25 NM), verður hann að hafa flogið hlutaðeigandi flugleið sem flugliði eða áhorfandi í stjórnklefa.

9.4.3.5 Flugrekandi skal halda skrá, sem fullnægir kröfum flugmálastjórnar, um hæfni og reynslu flugmanna í þjónustu sinni og með hvaða hætti þeir hafa öðlast hana.

9.4.3.6 Ef flugmaður hefur ekki flogið að minnsta kosti eina ferð milli endastöðva sem flugmaður eða áhorfandi í stjórnklefa á tiltekinni flugleið síðustu 12 mánuði skal flugrekandi ekki fela honum starf flugstjóra á þeirri leið. Ef meira en 12 mánuðir hafa liðið, frá því að flugstjóri flaug slíka flugleið, skal hann, áður en hann gegnir flugstjórastörfum á henni, sanna hæfni sína á ný í samræmi við gr. 9.4.3.2, 9.4.3.3 og ef um áætlunarflug er að ræða í samræmi við gr. 9.4.3.4 (R).

9.4.4 Hæfnipróf flugmanna.

9.4.4.1 Flugrekandi skal sjá til þess að flugmenn hans séu prófaðir með þeim hætti, bæði við tæknilega framkvæmd flugsins og í neyðarviðbrögðum, að sýnt sé fram á hæfni þeirra. Þar sem flugumferð fylgir blindflugsreglum ber flugrekanda að sannreyna þekkingu flugmanna sinna á þeim reglum annaðhvort með því að láta eftirlitsflugmann sinn eða eftirlitsflugmann frá flugmálastjórn sjá um slíka prófun. Slík prófun skal fara fram að minnsta kosti tvisvar á hverjum 12 mánuðum en þó þannig að eigi sé skemmra á milli tveggja prófa en 4 mánuðir og eigi lengra en 8 mánuðir. Flugþjálfa má nota við hæfnipróf að því marki sem flugmálastjórn heimilar.

9.5 Hjálpartæki flugliða.

9.5.1 Ef gert er ráð fyrir því í skírteini flugliða og/eða heilbrigðisvottorði hans að hann þurfi að nota sérstök sjóngler við stjórn flugvélar skal hann hafa ein varasjóngler í fórum sínum.

10.0 FLUGUMSJÓNARMAÐUR

10.1 Hvenær skal hafa flugumsjón.

10.1.1 Flugrekandi, sem stundar reglubundið áætlunarflug milli landa, og flugrekandi, sem stundar reglubundið áætlunarflug innanlands með flugvélum sem hafa hámarksmassa yfir 5700 kg, skal hafa flugumsjón sem flugmálastjórn hefur viðurkennt fyrir þann flugrekstur.

10.2 Réttindi og verksvið.

10.2.1 Í flugumsjón skal starfa flugumsjónarmaður (eða -menn) er hafi gilt skírteini samkvæmt „Reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn." Flugrekendur þeir, sem grein 10.1.1 tekur til, skulu í flugrekstrarhandbók sinni gera grein fyrir verksviði og ábyrgð flugumsjónar og þeirra flugumsjónarmanna sem hjá þeim starfa.

11.0 HANDBÆKUR, VIÐHALDSBÆKUR OG SKRÁR

11.1 Flugrekstrarhandbók.

11.1.1 (R) Flugrekstrarhandbók, sem má vera í nokkrum hlutum, sem fjalla um mismunandi greinar flugrekstrar, sbr. gr. 4.3.1, skal hafa að geyma að minnsta kosti ákvæði um eftirfarandi:

a) fyrirmæli er lýsa skiptingu verksviðs og ábyrgðar starfsliðs í flugrekstri,
b) samsetningu flugáhafnar á hverjum hluta flugleiða þeirra, sem fljúga á, og mismunandi valdsvið yfirmanna á hverri flugvélartegund,
c) hámarksfartíma og flugskyldutíma flugliða, ákveðinn skv. gr. 4.3.9.3,
d) lýsingu á neyðarviðbrögðum á flugi, svo og skyldum hvers flugverja í neyðarástandi,
e) gátlista yfir neyðar- og öryggisbúnað um borð og leiðbeiningar um notkun þess búnaðar,
f) lágmarksflughæðir á hverri flugleið sem fljúga skal,
g) lágmörk og takmarkanir sem varða flugtak og lendingu á öllum flugvöllum á leiðum, sem fljúga skal, og -
   1) líkur eru til að verði notaðir sem aðal- eða varaflugvellir,
   2) eru hentugir og kunna að reynast nauðsynlegir í neyðartilvikum,
h) hvenær skal hafa hlustvörð í fjarskiptum,
i) lista yfir leiðsögubúnað sem um borð skal vera,
j) sérstök fyrirmæli er varða útreikning á því eldsneytis- og olíu-magni sem hafa skal meðferðis í flugi á hverri flugleið með hliðsjón af öllum aðstæðum sem skapast gætu, þar á meðal bilun eins eða fleiri hreyfla í farflugi,
k) leiðbeiningar handa flugstjóra um hvort flugi skuli haldið áfram ef einhver tæki, búnaður eða kerfi verða óvirk,
l) leiðarlýsingu með upplýsingum um hverja flugleið, sem fljúga á, að því er varðar fjarskiptaþjónustu, leiðsöguþjónustu, leitar- og björgunarþjónustu, leiðsögutæki, flugvelli, aðflugsskilyrði og aðrar slíkar upplýsingar sem flugrekandi telur nauðsynlegar fyrir örugga framkvæmd flugsins,
m) við hvaða skilyrði skuli nota súrefni,
n) viðbrögð flugstjóra, sem verður vitni að flugslysi, sbr. lög nr. 34/1964, 142. gr. og „Reglugerð um tilkynningarskyldu",
o) upplýsingar um merkjamál og notkun þess frá jörðu til loftfars við leit og björgun eftir slys,
p) viðbrögð flugstjóra við einelti (interception), sbr. flugreglur,
q) sjónmerki sem nota skal af eineltu loftfari og því sem eineltir,
r) fyrir flugvélar sem ætlað er að fljúga í yfir 15000 m (49000 ft) hæð:
   1) leiðbeiningar til flugmanns um heppilegustu viðbrögð ef menn verða fyrir áhrifum af geimgeislum sólar,
   2) leiðbeiningar um hvernig skuli bregðast við ef ákveðið er að lækka flugið, þar með talin:

a) nauðsyn þess að tilkynna fyrirfram hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild um aðstöðuna og fá bráðabirgðaheimild til lækkunar,
b) viðbrögð ef ekki er hægt að ná sambandi við hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild eða sambandið rofnar,

s) upplýsingar og fyrirmæli um flutning á hættulegum varningi, þar með talin viðbrögð í neyðartilvikum,
t) neyðarrýmingu,
u) öryggisráðstafanir vegna áfyllingar eldsneytis meðan farþegar eru um borð.

11.1.2 (ÓR) Flugrekstrarhandbók, sem má vera í nokkrum hlutum sem fjalla um mismunandi greinar flugrekstrar, sbr. gr. 4.3.1, skal hafa að geyma að minnsta kosti ákvæði um eftirfarandi:

a) fyrirmæli er lýsa skiptingu verksviðs og ábyrgðar starfsliðs í flugrekstri,
b) samsetningu flugáhafnar í hverri tegund flugs, sem flogið er, og mismunandi valdsvið yfirmanna á hverri flugvélartegund,
c) hámarksfartíma og flugskyldutíma flugliða, ákveðinn skv. gr. 4.3.9.3,
d) lýsingu á neyðarviðbrögðum á flugi, svo og skyldum hvers flugverja í neyðarástandi,
e) gátlista yfir neyðar- og öryggisbúnað um borð og leiðbeiningar um notkun þess búnaðar,
f) aðferðir við að ákveða lágmarksflughæðir, skv. gr. 4.3.5.3 (ÓR),
g) lágmörk og takmarkanir sem varða flugtak og lendingu á öllum aðal- og varaflugvöllum, sem líkur eru til að verði notaðir,
h) hvenær skal hafa hlustvörð í fjarskiptum,
i) lista yfir fjarskiptabúnað sem um borð skal vera,
j) sérstök fyrirmæli er varða útreikning á því eldsneytis- og olíumagni sem hafa skal meðferðis í flugi með hliðsjón af öllum aðstæðum sem skapast gætu, þar á meðal bilun eins eða fleiri hreyfla í farflugi,
k) leiðbeiningar handa flugstjóra um hvort flugi skuli haldið áfram ef einhver tæki, búnaður eða kerfi verða óvirk,
l) leiðbeiningar og rækilegar upplýsingar handa flugstjóra fyrir hvert flug um fjarskiptaþjónustu, leiðsöguþjónustu, leitar- og björgunarþjónustu, leiðsögutæki, flugvelli, aðflugsskilyrði og aðrar slíkar upplýsingar sem flugrekandi telur nauðsynlegar,
m) við hvaða skilyrði skuli nota súrefni,
n) viðbrögð flugstjóra, sem verður vitni að flugslysi, sbr. lög nr. 34/1964, 142. gr. og „Reglugerð um tilkynningarskyldu“,
o) upplýsingar um merkjamál og notkun þess frá jörðu til loftfars við leit og björgun eftir slys,
p) viðbrögð flugstjóra við einelti (interception), sbr. flugreglur,
q) sjónmerki sem nota skal af eineltu loftfari og því sem eineltir,
r) fyrir flugvélar sem ætlað er að fljúga í yfir 15000 m (49000 ft) hæð:
   1) leiðbeiningar til flugmanns um heppilegustu viðbrögð ef menn verða fyrir áhrifum af geimgeislum sólar,
   2) leiðbeiningar um hvernig skuli bregðast við ef ákveðið er að lækka flugið, þar með talin:
      a) nauðsyn þess að tilkynna fyrirfram hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild um aðstöðuna og fá bráðabirgðaheimild til lækkunar,
      b) viðbrögð ef ekki er hægt að ná sambandi við hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild eða sambandið rofnar.

s) upplýsingar og fyrirmæli um flutning á hættulegum varningi, þar með talin viðbrögð í neyðartilvikum,
t) neyðarrýmingu,
u) öryggisráðstafanir vegna áfyllingar eldsneytis meðan farþegar eru um borð.

11.2 Viðhaldshandbók.

11.2.1 Viðhaldshandbók flugrekanda skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert loftfar sem notað er:
a) vinnuaðferðir við þjónustu og viðhald loftfaranna,
b) tíðni hvers eftirlits og umfang skoðana og grannskoðana,
c) ábyrgð faglærðra aðilja er framkvæma viðhald, viðgerðir og skoðanir,
d) þjónustu- og viðhaldsaðferðir sem kunna að vera fyrirskipaðar af flugmálastjórn og þurfa samþykki hennar fyrirfram,
e) hvernig lýsa skuli lofthæfi með viðhaldsvottorði, hvenær gefa skuli það út og hver sé hæfur til þess.

11.3 Viðhaldsvottorð.

11.3.1 Í viðhaldsvottorði skal felast staðfesting á því að viðhald, viðgerðir og skoðanir hafi verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt í samræmi við þær aðferðir sem mælt er fyrir um í viðhaldshandbók.

11.4 Skrá yfir neyðar- og björgunarbúnað um borð.

11.4.1 Flugrekendur skulu alltaf hafa tiltæka fyrir björgunarmiðstöðvar lista með upplýsingum um neyðar- og björgunarbúnað sem er um borð í flugvélum þeirra. Upplýsingar þessar, skulu eftir því sem við á, varða tölu, lit og tegund björgunarbáta og neyðarblysa, nákvæma lýsingu á neyðarbirgðum af lyfjum, vatnsbirgðum og tegund og tíðnisviðum beranlegra neyðarsendistöðva.

11.5 Varðveisla gagna.

11.5.1 Ef flugvél lendir í óhappi eða á hlut að slysi þá skal flugrekandi taka í örugga vörslu og varðveita öll gögn, er varða flugrita hennar, og, ef nauðsynlegt er, gögn annarra flugrita sem tengdir eru henni.

12.0 ÞJÓNUSTULIÐAR

12.1 Skipun í neyðarstörf.

12.1.1 Flugrekandi skal hafa um borð í flugvélum sínum a.m.k. þann fjölda þjónustuliða sem áskilinn er, sbr. „Reglugerð um mannflutninga í loftförum". Skal miða tölu þeirra við sætarými eða fjölda farþega, þannig að það tryggi örugga og greiða rýmingu vélarinnar og aðrar aðgerðir í neyðartilvikum eða ef neyðarrýmingar er þörf. Flugrekandi skal hafa tiltækar leiðbeiningar um þessi atriði fyrir hverja þá flugvélartegund sem hann notar í rekstri sínum.

12.2 Nærvera við neyðarútganga.

12.2.1 Sérhver þjónustuliði, sem ætlað er tiltekið hlutverk við neyðarrýmingu, skal sitja í sæti sem honum er ætlað við flugtak og lendingu og hvenær sem flugstjóri skipar svo fyrir.

12.3 Sætisólar.

12.3.1 Sérhver þjónustuliði skal sitja með öryggisbelti og axlaólar (ef tiltækar eru) spenntar við flugtak og lendingu og hvenær sem flugstjóri skipar svo fyrir. Meðan flugvél er ekið skulu þjónustuliðar einnig sitja spenntir, nema þeir þurfi að sinna skyldustörfum er varða öryggi flugvélar eða farþega.

12.4 Þjálfun.

12.4.1 Flugrekandi skal koma á og framkvæma áætlun um þjálfun þjónustuliða. Þessi áætlun skal vera samþykkt af flugmálastjórn og er hún ætluð þjónustuliðum sem eiga að sinna tilteknum skyldum í neyðartilvikum. Skal endurtaka slíka þjálfun a.m.k. árlega. Þjálfunin taki til eftirtalinna atriða :

a) hæfni þjónustuliða til að framkvæma skyldur sínar í neyðartilvikum, meðan á flugi stendur, og við neyðarrýmingu flugvélarinnar,
b) þjálfunar í notkun neyðar- og björgunarbúnaðar, sem skylt er að hafa um borð, svo sem björgunarvesta, björgunarbáta eða fleka, rýmingarrenna, neyðarútganga, slökkvitækja, súrefnistækja og sjúkrakassa,
c) þekkingar á áhrifum súrefnisskorts og líkamlegra verkana hans, þegar um er að ræða starfa í flugvélum, sem fljúga ofar en 3000 m (10000 fet), og ef um er að ræða flugvélar með jafnþrýstiklefa, þá líkamlegra áhrifa minnkandi þrýstings,
d) þekkingar á skyldum og hlutverki annarra flugverja í neyðartilvikum, að svo miklu leyti sem það er þjónustuliða nauðsynlegt til að gegna eigin skyldum við þessar aðstæður,
e) þekkingar á þeim tegundum hættulegra hluta og efna sem má, eða má ekki, flytja í farþegaklefum flugvéla. Þjónustuliðar skulu einnig í þeim efnum hafa hlotið þjálfun í samræmi við kröfur flugmálastjórnar á hverjum tíma.

13.0 VIÐBÚNAÐARRÁÐSTAFANIR

13.1 Gátlisti.

13.1.1 Flugrekandi skal sjá um að um borð í flugvélum, sem hann notar í rekstri sínum, sé gátlisti um þær ráðstafanir sem gera þarf við leit að sprengjum og þegar grunur leikur á að hermdarverk kunni að verða unnin.

13.2 Þjálfun.

13.2.1 Flugrekanda ber að tryggja að áhafnir á flugvélum þeim, er hann notar í rekstri sínum, fái fullnægjandi þjálfun í því hvernig rétt sé að bregðast við til að draga sem mest úr afleiðingum lögbrota um borð í flugvélum.

13.3 Tilkynningarskylda.

13.3.1 Flugstjóri skal án tafar senda flugmálastjórn og/eða næsta lögregluyfirvaldi skýrslu um sérhvert ólögmætt athæfi sem framið er um borð í flugvélum sem eru undir hans stjórn, sbr. „Reglugerð um tilkynningarskyldu".

14.0 ÝMIS ÁKVÆÐI

14.1 Undanþágur.

14.1.1 Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.

14.2 Refsiákvæði.

14.2.1 Séu lendingargjöld, skoðunargjöld eða önnur gjöld, sem leyfishafa ber að greiða fyrir starfsemi sína, ekki greidd á réttum tíma má afturkalla flugrekstrarleyfi um stundarsakir. Sama gildir ef leyfishafi dregur að senda skýrslur og reikninga sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Að öðru leyti varða brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964.

14.3 Gildistaka.

14.3.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir og tekur til íslenskra flugvéla, svo og annarra flugvéla, sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður yfir, og öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt fellur úr gildi „Reglugerð um fyrirtæki er starfa að loftflutningum" nr. 91/1973 með áorðnum breytingum.

Samgönguráðuneytið, 24. júlí 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

26. júlí 1989 Nr. 382

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir fullstaðinn, tandurverkaðan og millistaðinn þorsk svo og þorskflök og ufsaflök á tímabilinu 1. júní 1989 til 31. janúar 1990, eða þar til annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir fullstaðinn, tandurverkaðan og millistaðinn þorsk svo og þorskflök og ufsaflök á tímabilinu 1. júní 1989 til 31. janúar 1990, eða þar til annað verði ákveðið:

Fullstaðinn þorskur:		US $ pr. lest fob.
Stórfiskur	10/30 I	4 501,00
Stórfiskur	II	4 229,00
Stórfiskur	III	3 742,00
Stórfiskur	IV	3 321,00
Millifiskur	30/40 I	4 229,00
Millifiskur	II	3 742,00
Millifiskur	III	3 192,00
Millifiskur	IV	2 715,00
Smáfiskur	40/60 I	3 742,00
Smáfiskur	II	3 284,00
Smáfiskur	III	2 897,00
Smáfiskur	IV	2 460,00
Smáfiskur	60/80 I	3 426,00
Smáfiskur	II	3 111,00
Smáfiskur	III	2 794,00
Smáfiskur	IV	2 267,00
Smáfiskur	80/100 I	2 958,00
Smáfiskur	II	2 624,00
Smáfiskur	III	2 357,00
Smáfiskur	IV	1 909,00